



FJARÐABYGGÐ

Starfsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2019

Tillaga fyrir bæjarstjórn - fyrri umræðu

1. nóvember 2018

Efnisyfirlit:

1.	STARFSÁETLANIR FYRIR ÁRIÐ 2019	3
2.	FJÖLSKYLDUSVIÐ - FÉLAGSPJÓNUSTA	4
3.	FJÖLSKYLDUSVIÐ - BARNAVERND	7
4.	FJÖLSKYLDUSVIÐ - FRÆÐSLUMÁL	9
5.	FJÖLSKYLDUSVIÐ - ÍÞRÓTTA OG TÓMSTUNDAMÁL.....	13
6.	MENNINGAR- OG SAFNAMÁL	16
7.	FRAMKVÆMDA-, UMHVERFIS OG VEITUSVIÐ/MANNVIRKJASVIÐ	19
8.	SKIPULAGS-, BYGGINGAR- OG UMHVERFISMÁL.....	24
9.	STJÓRNSÝSLU- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ	26
10.	FJÁRMÁLASVIÐ	32
11.	HAFNARSJÓÐUR FJARÐABYGGÐAR.....	34
12.	SLÖKKVILIÐ FJARÐABYGGÐAR	37

1. Starfsáætlanir fyrir árið 2019

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Fjarðabyggðar skal gera starfsáætlun fyrir hvert svið þar sem gerð er grein fyrir meginmarkmiðum og hlutverki viðkomandi sviðs eða málaflokks. Starfsáætlunin er greinargerð um áformaðan rekstur málaflokksins innan þess fjárhagsramma sem fjárhagsáætlun ársins 2019 setur.

Sviðsstjórar og forstöðumenn eru ábyrgir fyrir gerð starfsáætlunar innan fjárhagsrammans í samvinnu við fastanefnd. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir meginmarkmiðum og hlutverki viðkomandi sviðs eða málaflokks. Starfsáætlun er greinargerð um áformaðan rekstur málaflokksins innan þess fjárhagsramma sem ákveðinn hefur verið. Í henni skal lýsa þeim breytingum sem áætlað er að verði í rekstrinum á komandi ári og sérstökum ráðstöfunum sem gerðar verða til að rekstrarkostnaður falli að fjárhagsramma sviðsins eða málaflokksins. Starfsáætlun er greinargerð sviðsins um það hvernig áætlað sé að reka það innan fjárhagsramma og hvaða ráðstafanir þurfi að gera til þess.

Í starfsáætlun skal eftirfarandi koma fram:

- Markmiðssetning
- Stutt almenn lýsing á starfsemi viðkomandi sviðs
- Lýsing á breytingum á umfangi og eða rekstri sviðs
- Gjaldskrárstefna og breytingar á gjaldskrá
- Lýsing á fjárfestingum og framkvæmdum sviðs
- Aðferð til að meta árangur starfseinnar
- Spá um rekstrarumfang næstu þriggja ára

2. Fjölskyldusvið - Félagsþjónusta

Sviðsstjóri: Helga Elísabet Beck Guðlaugsdóttir félagsmálastjóri

Starfsemin:

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar sinnir velferðarmálum innan Fjarðabyggðar m.a. skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um málefni fatlaðs fólks, lögum um málefni aldraðra, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um málefni innflytjenda svo dæmi séu tekin. Fjölskyldusvið starfar samkvæmt fjölskyldustefnu Fjarðabyggðar.

Innan fjölskyldusviðs er starfrækt félagsþjónusta. Helstu verkefni sem þar eru innt af hendi eru m.a. félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, málefni fatlaðs fólks, öldrunarmál, akstursþjónusta, búsetuþjónusta, félagsleg heimþjónusta og heimsendur matur, daggæsla barna í heimahúsum, málefni innflytjenda, forvarnir, jafnréttismál og stuðningsúrræði.

Á skrifstofu fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar eru auk sviðsstjóra starfandi þrjú ráðgjafar og ráðgjafabroskaþjálfari. Stöðugildi eru alls 4,90. Að auki mun verkefnastjóri í málefnum flóttafólks starfa í einu stöðugildi til febrúarloka. Tvo daga í viku kemur á skrifstofu Fjarðabyggðar verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks á vegum Skólaskrifstofu Austurlands sem starfrækir byggðasamlag um sameiginlegt þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks á Austurlandi.

Starfsmenn á skrifstofu vinna í þverfaglegum teymum og eru allar umsóknir um þjónustu ræddar á vikulegum meðferðarfundum. Í teyminu sitja allir starfsmenn félagsþjónustu.

Auk starfsmanna á skrifstofu fjölskyldusviðs eru starfsmenn sem sinna félagslegri heimþjónustu, liðveislu, félagsstarfi aldraðra, ferðaþjónustu og búsetuþjónustu.

Starfsmenn sem sinna félagslegri heimþjónustu eru 13 talsins auk starfsmanns í sumarafleysingum í 6,7 stöðugildum. Þjónustan er dreifð um sveitarfélagið og helst fjöldi stöðugilda gjarnan í hendur við þjónustuþörf hverju sinni.

Starfsmenn sem sinna liðveislu fyrir fötluð börn og ungmenni eru 15-20 talsins á hverjum tíma. Stöðugildi eru mismunandi hverju sinni þar sem starfsmenn eru ráðnir í tímavinnu og liðveisla veitt skv. reglum um hámarksfjöldu liðveislutíma. Oftast er miðað við að einstaklingur fái að jafnaði 10 klst. á mánuði í liðveislu en heimilt er að veita þjónustu allt að 20 klst. á mánuði. Starfsmenn í liðveislu dreifast um allt sveitarfélagið og er háð þjónustuþörf hverju sinni hversu margir starfsmenn eru við störf. Þörf fyrir þjónustu eykst gjarnan yfir sumartímamann þegar stuðnings liðveitanda nýtur m.a. í vinnuskóla Fjarðabyggðar.

Einn starfsmaður í fullu stöðugildi sinnir akstursþjónustu fatlaðs fólks á vegum fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar í sveitarfélaginu.

Félagsstarf aldraðra á vegum Fjarðabyggðar er í höndum félaga eldri borgara í Fjarðabyggð samkvæmt þjónustusamningi í öllum byggðarkjörnum nema á Reyðarfirði. Þar er einn starfsmaður í 0,30 stöðugildi.

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar starfrækir búsetukjarna fyrir fatlað fólk í Neskaupstað og skammtímavistun. Auk forstöðuþroskaþjálfara eru að jafnaði starfandi í búsetukjarna og skammtímavistun að Bakkabakka 12 starfsmenn í 7,2 stöðugildum. Forstöðuþroskaþjálfari hefur einnig umsjón með búsetuþjónustu fatlaðra á Reyðarfirði.

Á Reyðarfirði er starfrækt búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk. Þar starfa nú tveir starfsmenn í tveimur stöðugildum.

Markmið/leiðarljós

Að efla fjölskyldur með fjölbreyttri þjónustu, til samræmis við ákvæði laga og þarfir þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda. Áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir, fagmennsku, viðurkenndar aðferðir, skilvirkni og hagkvæmni.

Breytingar á forsendum/umhverfi

- Ný lög um þjónustu við fatlað fólk og breytt félagsþjónustulög munu hafa áhrif á starfsáætlun ársins 2019. Mikilvægt er að innleiða viðurkennt matstæki til að meta þjónustuþörf og forgangsröðun þjónustu með það að leiðarljósi að þjónustan nýtist þeim sem helst þurfa á henni að halda og að nýta fjármuni sem best.
- Ný lög um persónuvernd krefjast yfirferðar á gagnaöflun, meðhöndlun og varðveislu gagna.

Helstu verkefni á árinu 2019

Málefni fatlaðs fólks	Verklok	Ábyrgð
Styðja við notendaráð fatlaðs fólks á Austurlandi með áherslur á rétt fólks til að hafa áhrif á eigið líf. Árangursmæling: fjöldi funda á árinu.	Desember 2019	Ráðgjafabroskaþjálfari
Endurskoða starfslýsingu forstöðumanns Bakkabakka með tilliti til nýrra verkefna. Árangursmæling: Ný starfsáætlun	Maí 2019	Félagsmálastjóri
Þjóða upp á virknilboð fyrir fatlað fólk sem ekki fær vinnu. Árangursmæling: Fjöldi virknilboða	Desember 2019	Forstöðumaður Bakkabakka (Verkefnastjóri)

Málefni aldraðra	Verklok	Ábyrgð
Reglulegir fundir öldungaráðs. Árangursmæling: Fjöldi funda	Desember 2019	Verkefnastjóri
Innleiðing PLACE-EE verkefni um þjónustu og heilbrigði aldraðra í dreifðum byggðum. Árangursmæling: Skil á verkefnaskýrslum til NPA.	Mars 2020	Verkefnastjóri Place-ee
Styðja félög eldri borgara við að nota vefmiðla til að kynna starfsemi. Árangursmæling: Fjöldi félaga eldri borgara sem nota vefmiðla til kynningar	Desember 2019	Verkefnastjóri
Innleiða RAI-HC mat vegna stuðningsþjónustu í samstarfi við heimahjúkrun HSA.	Desember 2019	Félagsmálastjóri

Árangursmæling: Staða innleiðingar: Ekki hafin, í vinnslu, lokið?		
Stuðningsþjónusta verði veitt og henni forgangsraðað skv. viðurkenndu mati.	Desember 2019	Verkefnastjóri
Árangursmæling: Staða: Ekki hafið, í vinnslu?		

Fjárhagsaðstoð og félagsleg ráðgjöf	Verklok	Ábyrgð
Aukin áhersla verði lögð á félagslega ráðgjöf í forvarnarskyni og til að aðstoða fólk í vanda.	Desember 2019	Félagsmálastjóri og ráðgjafar
Árangursmæling: Fjöldi einstaklinga sem fær fjárhagsaðstoð		

Forvarnir og jafnréttismál	Verklok	Ábyrgð
Fjölskyldusvið haldi fjóra forvarnarviðburði fyrir íbúa Fjarðabyggðar.	Desember 2019	Sviðsstjórar fjölskyldusviðs og íþrótt- og tólmstundafulltrúi
Árangursmæling: Fjöldi viðburða		
Fjölskyldusvið bjóði upp á uppeldisnámskeiðið „Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar“.	Desember 2019	Félagsmálastjóri, ráðgjafar.
Árangursmæling: Staða: Ekki hafið, í vinnslu, lokið?		
Þátttaka í forvarnarteymi Austurlands og viðbragðsteymi vegna áfalla.	Desember 2019	Félagsmálastjóri og ráðgjafar.
Þátttaka í „Höldum glugganum opnum“ - samstarfs vegna heimilisofbeldismála.	Desember 2019	Félagsmálastjóri og ráðgjafar.
Þátttaka á málþingi jafnréttisnefnda.	September 2019	Félagsmálastjóri

Starfsmannamál og fagþróun	Verklok	Ábyrgð
Starfsmenn sviðsins sækja a.m.k. tvo viðburði sem tengjast fagþróun eða styrkja þá í starfi.	Desember 2019	Félagsmálastjóri og fræðslustjóri
Stuðlað sé að sálfélagslegri vinnuvernd starfsfólks með viðeigandi stuðningsúrræðum s.s. faglegru einstaklings handleiðslu og hóphandleiðslu. Gengið verði frá samningi við Forvarnir um fyrirkomulag handleiðslu og forvarna gegn kulnun.	Desember 2019	Félagsmálastjóri

3. Fjölskyldusvið - Barnavernd

Sviðsstjóri: Helga Elísabet Beck Guðlaugsdóttir félagsmálastjóri

Starfsemin:

Starfsmenn félagsþjónustu, í umboði barnaverndarnefndar Fjarðabyggðar, bera ábyrgð á málefnum barnaverndar skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Starfsmenn barnaverndarteymis starfa í umboði nefndarinnar og taka á móti barnaverndartilkynningum, sjá um kannanir mála og úrvinnslu. Auk þess sinna starfsmenn barnaverndar umsagnarmálum, m.a. vegna umsókna aðila um leyfi til þess að gerast fósturforeldrar, vistforeldrar, stuðningsfjölskyldur eða umsóknir um leyfi til ættleiðingar barna.

Barnaverndarteymi mynda auk félagsmálastjóra, þrír ráðgjafar. Eiginleg stöðugildi í barnavernd eru 1,5 en starfsmenn sinna auk þess almennum málum skv. ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Starfsmenn barnaverndarteymis sinna málefnum barnaverndar skv. reglum barnaverndarnefndar Fjarðabyggðar, um framsal valds til starfsmanna skv. 14. gr. fyrrgreindra laga. Vikulegir meðferðarfundir eru haldnir í barnaverndarteymi þar sem barnaverndartilkynningar eru skráðar, málum úthlutað, einstaklingsmál rædd og ákvarðanir teknar um fyrirlögn mála fyrir nefnd.

Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar ber að hafa til umræða úrræði á ábyrgð sveitarfélaga sbr. reglugerð nr. 652/2004. Í því felst m.a. að til staðar sé heimili sem getur veitt börnum móttöku í bráðatilvikum skv. 84. gr. barnaverndarlaga, stuðningsfjölskyldur, tilsjónaraðilar og persónulegir ráðgjafar. Mismunandi er á hverjum tíma hversu margir einstaklingar sinna þeirri vinnu.

Starfsmenn barnaverndarteymis eiga sæti í nemendaverndarráðum grunn-, leik- og framhaldsskóla Fjarðabyggðar. Reglulega eru haldnir fræðslu- og kynnisfundir fyrir starfsfólk skólanna um feril og gang barnaverndarmála og samvinna til fyrirmyndar, við þá aðila sem koma að málefnum barna og ungmenna í sveitarfélaginu.

Ef upp koma málefni sem varða barnavernd utan vinnutíma er hægt að ná í starfsmenn í gegnum Neyðarlínu 112 og með því að hafa samband við lögreglu.

Markmið/leiðarljós

- Að efla fjölskyldur með fjölbreyttri þjónustu, til samræmis við ákvæði laga og þarfir þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda. Áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir, fagmennsku, viðurkenndar aðferðir, skilvirkni og hagkvæmni.
- Að skapa börnum og ungmönnum viðunandi uppeldisskilyrði, með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki þeirra. Meginmarkmiðið er að fjölskyldan geti búið saman, en sé þess þörf er barni sem býr við óviðeigandi aðstæður komið til hjálpar með viðeigandi aðgerðum.
- Lögð er áhersla á gott samstarf við íbúa og stofnanir sveitarfélaga um málefni barna m.a. til að tryggja sem best að tilkynningarskylda samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2001 sé virt.

Breytingar á forsendum/umhverfi

- Málafjöldi og þungi mála fer vaxandi. Meðferðarfundum í barnavernd verður því skipt í úthlutunarfundi þar sem tekin er ákvörðun um könnun máls og málum er úthlutað, og meðferðarfundum þar sem fjallað er um vinnslu mála.

- Meðferð og varðveisla gagna verði í samræmi við persónuverndarlög.

Helstu verkefni á árinu 2019

Barnaverndarmál	Verklok	Ábyrgð
Hver starfsmaður hafi læsta hirslu fyrir vinnugögn.	Mars 2019	Félagsmálastjóri
Kynningarfundir um barnavernd verði haldnir í öllum leikskólum og grunnskólum Fjarðabyggðar auk VA fyrir starfsfólk. Áhersla verður lögð á fræðslu um feril og vinnslu barnaverndarmála auk tilkynningarskyldu. Árangursmæling: Staða: Ekki hafið, í vinnslu, lokið?	Október 2019	Ráðgjafar
Starfsfólk barnaverndarteymis taki þátt í árlegum starfsdegi barnaverndarstarfsmanna á Íslandi og barnaverndarþingi.	Október 2019	Félagsmálastjóri og starfsmenn teymis
Ráðgjafar taki þátt í nemendaverndarráðsfundum leik- og grunnskóla og VA.	Desember 2019	Ráðgjafar
Staðið sé skil á sískráningu til Barnaverndarstofu vegna fjölda tilkynninga sem berast barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar 15. hvers mánaðar. Árangursmæling: Fjöldi sískráninga sem var skilað	Desember 2019	Ráðgjafar
Staðið sé skil á árlegu samtölublaði til Barnaverndarstofu vegna tölulegra upplýsinga um barnaverndarmál í Fjarðabyggð	Maí 2019	Ráðgjafar
Ráðgjafar hafi frumkvæði að stofnun teyma þegar við á.	Desember 2019	Ráðgjafar
Fundargerðir meðferðarteymis verði færðar í fundarkerfi ONE	Mars 2019	Félagsmálastjóri Skjalavörður
Vikulegir úthlutunarfundir í meðferðarteymi barnaverndar	Desember 2019	Ráðgjafar
Vikulegir meðferðarfundir í meðferðarteymi barnaverndar	Desember 2019	Ráðgjafar

Árangursmæling:

- Samráðsfundir skóla = Magns alls 5 fundir í leikskólum, 5 fundir í grunnskólum og 1 fundur í VA
- Samráðsfundir með lögreglu = Magn 1-2 fundir á árinu
- Skil á sískráningu = Magn alls 12 skil fyrir árið 2019
- Skil á samtölublaði = Magn alls 1 skil fyrir árið 2019

4. Fjölskyldusvið - Fræðslumál

Sviðsstjóri: Þóroddur Helgason

Fræðslustofnanir Fjarðabyggðar

Undir fræðslumál falla málefni leik-, grunn- og tónlistarskóla. Leikskólarnir eru fjórir og tvær leikskóladeildir eru í Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla, í sitt hvorum bæjarkjarnanum. Skólarnir bjóða upp á nám fyrir 1 – 5 ára nemendur. Samtals er gert ráð fyrir um 390 nemendum í leikskólunum þegar mest er. Í leikskólunum munu starfa u.þ.b. 110 starfsmenn í tæpum 100 stöðugildum.

Grunnskólarnir eru fimm og þeir bjóða upp á nám fyrir 6 - 16 ára nemendur og einnig frístundaheimili fyrir 6 -9 ára nemendur. Samtals er gert ráð fyrir um 708 nemendum á vorönn og 718 nemendum á haustönn í grunnskólum Fjarðabyggðar. Á frístundaheimilum er gert ráð fyrir um 170 nemendum. Í grunnskólum og frístundaheimilum munu starfa u.þ.b. 163 starfsmenn í 134 stöðugildi.

Tónlistarskólarnir eru þrír í Fjarðabyggð og þjóna öllum íbúum Fjarðabyggðar. Í þeim eru um 300 nemendur og þar starfa 16 starfsmenn í um 13 stöðugildum.

Í skólum Fjarðabyggðar starfa því samtals u.þ.b. 289 starfsmenn í 247 stöðugildum. Skipt eftir stofnunum er gert ráð fyrir eftirfarandi fjölda nemenda, starfsmanna og stöðugilda:

- Á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar starfar einn starfsmaður í einu stöðugildi.
- Í leikskólanum Eyrarvöllum á Norðfirði er gert ráð fyrir um 118 nemendum á vorönn og um 112 á haustönn. Í skólanum starfa 35 starfsmenn í um 31 stöðugildum.
- Í leikskólanum Dalborg á Eskifirði er gert ráð fyrir um 80 nemendum á vor- og haustönn. Í skólanum starfar 21 starfsmenn í um 20 stöðugildum.
- Í leikskólanum Lyngholti á Reyðarfirði er gert ráð fyrir um 110 nemendum á vorönn og 115 nemendum á haustönn. Í skólanum starfa 33 starfsmenn í um 31 stöðugildi.
- Í leikskólanum Kærabæ á Fáskrúðsfirði er gert ráð fyrir um 55 nemendum á vorönn og 50 nemendum á haustönn. Í skólanum starfa 15 starfsmenn í um 13 stöðugildum.
- Í skólamötuneyti Fáskrúðsfjarðar starfa 3 starfsmenn í 2 stöðugildum.
- Í Breiðdals og Stöðvarfjarðarskóla er gert ráð fyrir um 17 leikskólanemendum og um 26 grunnskólanemendum. Gert er ráð fyrir að um 8 nemendur nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfa 16 starfsmenn í 15 stöðugildum.
- Í Nesskóla er gert ráð fyrir um 217 nemendum á vorönn og 230 á haustönn, þar af er einn nemandi í skóla á Mjóafirði. Gert er ráð fyrir að um 58 nemendur nýti sér þjónustu frístundarheimilis. Í skólanum starfa 49 starfsmenn í um 40 stöðugildum.
- Í Grunnskóla Eskifjarðar er gert ráð fyrir um 152 nemendum á vorönn og 155 á haustönn. Gert er ráð fyrir að um 32 þeirra nýti sér nú þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfa 40 starfsmenn í um 30 stöðugildum.
- Í Grunnskóla Reyðarfjarðar er gert ráð fyrir um 217 nemendum á vorönn og 208 á haustönn. Gert er ráð fyrir að 51 þeirra nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfar 37 starfsmenn í um 34 stöðugildum.
- Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er gert ráð fyrir um 95 nemendum á vorönn og 99 á haustönn. Gert er ráð fyrir að um 25 þeirra nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfa 26 starfsmenn í um 20 stöðugildum.
- Í Tónskóla Neskaupstaðar eru um 106 nemendur og þar starfa 6 starfsmenn í um 5 stöðugildum.
- Í Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar eru um 120 nemendur og þar starfa 5 starfsmenn í 4,5 stöðugildum.

- Í Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar eru um 82 nemendur og þar starfa 5 starfsmenn í um 3 stöðugildum.

Markmið/leiðarljós

Unnið er eftir samþykktri fjölskyldustefnu þar sem áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun, forvarnir og stuðning við fjölskyldur. Leiðarljós Fjarðabyggðar er að hér sé góður staður fyrir börn og ungmenni að njóta fræðslu og frístunda.

Markmið Fjarðabyggðar er að vera í fremstu röð í fræðslumálum barna og ungmenna. Þessu markmiði viljum við ná með að:

- Veita metnaðarfulla og framsækna grunnmenntun í skólum
- Stuðla að og viðhalda árangursríku samstarfi við hagsmunaaðila
- Laða að og halda í hæft og drífandi starfsfólk.

Breytingar á forsendum/umhverfi

Vorið 2018 voru leikskólinn Ástún í Breiðdal, Grunnskólinn í Breiðdal og Stöðvarfjarðarskóli sameinaðir í Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla. Nemendum í grunnskóla hlutanum er kennt tvo daga saman í Breiðdal og tvo daga á Stöðvarfirði en á föstudögum eru nemendur í sínum byggðarkjarna. Á árinu 2019 er gert ráð fyrir að flytja leikskóladeildina í Breiðdal í húsnæði grunnskólans og endurgera skólalóðina við grunnskólahúsnæðið.

Árið 2018 var haldið áfram með námskeið fyrir tvítyngda starfsmenn leikskóla og því lokið fyrir áramótin 2018-2019.

Viðbygginaframkvæmdir eru hafnar við leikskólann Lyngholt á Reyðarfirði og stefnt að því að forhönnun á viðbyggingu við leikskólann Dalborg verði lokið árið 2019. Áfram er gert ráð fyrir að leikskólarnir í Fjarðabyggð geti tekið við öllum börnum frá eins árs aldri.

Árið 2018 var unnið að því að bæta loftgæði, hljóðvist og húsnæði skólanna í Fjarðabyggð. Boðið var upp á ókeypis námsgögn fyrir nemendur grunnskólanna í Fjarðabyggð líkt og árið 2017 og sveitarfélagið tók þátt í örútboði námsgagna ásamt fleiri sveitarfélögum.

Á fyrri hluta ársins 2019 verður unnið að endurskoðun á fræðslu- og frístundastefnu sveitarfélagsins í nánú samstarfi við íþrótt- og tómstundanefnd og aðra hlutaðeigandi aðila.

Frá og með áramótum 2018-2019 verður nemendum í grunnskólum Fjarðabyggðar meinað að mæta með snjalltæki í skólann og samtímis verður tækjakostur skólanna bættur. Ákvörðuninni er ætlað að bæta starfsaðstæður nemenda í skólum og hvíla nemendur frá snjallsímum á starfstíma skóla, en fylgni er á milli mikillar notkunar nemenda á snjalltækjum og kvíða og þunglyndis. Samtímis er stefnt að því að skima fyrir kvíða og þunglyndi meðal grunnskólanemenda. Fyrirgreind verkefni eru liður í forvörnum og heilsuefningu.

Frá og með 1. október 2018 var gjaldskrá skólamáltíða í leik- og grunnskólum Fjarðabyggðar lækkuð um þriðjung og stefnt er að gjaldfrjálsum skólamáltíðum í lok kjörtímabilsins.

Áfram er unnið að eflingu læsis og stærðfræði, m.a. með þróunarverkefni í læsi og verkefnum tengdum sáttmála um læsi og sáttmála um bættan námsárangur.

Áhersla verður áfram á símenntun starfsfólk.

Leikskólar: Leikskólar Fjarðabyggðar munu taka þátt í samstarfsverkefninu Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi með Menntamálastofnun. Markviss málörvun og snemmtæk íhlutun í læsi og stærðfræði verða áfram í fyrirrúmi og leikskólarnir munu þar m.a. njóta þjónustu kennsluráðgjafa frá Skólaskrifstofu Austurlands. Stefnt er að eflingu tónlistarnáms innan leikskólanna með aðkomu Menningarstofu Fjarðabyggðar. Við úthlutun á kennslutímamagni er gengið út frá gildandi úthlutunarreglum. Skipulagsdagar verða fimm og sumarlokun fjórar vikur eða 20 virkir dagar. Á árinu 2019 verður opnunartími leikskóla yfir sumartímamagnendurskoðaður samhliða vinnu við endurskoðun fræðslu- og frístundastefnu sveitarfélagsins. Starfsmannafundir í leikskólum, fundartími utan opnunartíma leikskóla, verða áfram tvær klukkustundir á mánuði, en á einum til tveimur starfsdögum verða starfsmannafundir færðir inn á dagvinnutíma. Foreldrar munu líkt og undanfarin sumur geta tekið börnin sín í 4, 6 eða 8 vikna langt samfelld sumarfrí og gjöld felld niður þann tíma. Sumarlokun leikskólanna verður stillt af þannig að sumarlokun skólanna fimm spanni í það minnsta tvo mánuði sumarsins. Gert er ráð fyrir u.þ.b. 390 börnum í leikskólum Fjarðabyggðar þegar flest er en það er sami fjöldi og síðasta ár. Áfram er gert ráð fyrir leikskóladeild innan Grunnskólans á Eskifirði undir stjórn leikskólastjóra. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá í leikskólum verði óbreytt.

Grunnskólar og frístundaheimili: Við úthlutun á tímamagni til grunnskóla og frístundaheimila er gengið út frá gildandi úthlutunarreglum. Breyting varð á reglum um frístundaheimili frá í september 2018, þar sem m.a. var skerpt á inntökureglum og úthlutuðu tímamagni. Gert er ráð fyrir að endurskoða opnunartíma frístundaheimila samhliða vinnu við endurskoðun fræðslu- og frístundastefnu sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir aukinni náms- og starfsráðgjöf við grunnskólana í Fjarðabyggð. Gert er ráð fyrir tveimur stöðugildum skólaárið 2019-2020 eða um eitt stöðugildi á hverja 350 nemendur skólanna. Áfram verður unnið að því að styrkja verklegt nám sem og læsi og stærðfræðináms nemenda. Gert er ráð fyrir um 708 nemendum í grunnskólum Fjarðabyggðar vorið 2018 sem er um 60 nemenda fjölgun frá skólaárinu 2017-2018 og haustið 2019 er gert ráð fyrir 718 nemendum sem er um 40 nemenda fjölgun frá skólaárinu 2017-2018. Gjaldskrá skólamáltíða og frístundaheimila verði óbreytt frá gildandi gjaldskrá.

Tónskólar: Gengið er út frá svipaðri þjónustu tónlistarskólanna árið 2018 og nú er. Vegna fjölgunar nemenda á starfssviði Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar verður bætt við skólann hálfu stöðugildi frá og með áramótunum 2018-2019 og af sömu ástæðum verður bætt við hálfu stöðugildi við Tónskóla Neskaupstaðar frá og með haustinu 2019. Einnig er bætt við stöðugildafjölda í Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar en það er vegna sameiningar Fjarðabyggðar við Breiðdal. Skólarnir munu halda áfram samstarfi skólanna í tengslum við samspil nemenda og þátttöku í sveita- og landsmótum og í samstarfi við nýskipaða Synfóníuhljómsveit Austurlands. Gert er ráð fyrir 2,9 % hækkun á gjaldskrá í tónlistarskólum.

Helstu verkefni á árinu 2019

Helstu verkefni á árinu 2018 Fræðslumál	Verklök	Ábyrgð
Endurskoða Fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar	Júní 2019	Fræðslustjóri
Skipuleggja og hefja skimanir fyrir kvíða- og þunglyndi hjá grunnskólanemendum.	Desember 2019	Fræðslustjóri og forstöðum. Skólaskrifstofu Austurlands
Boðið verður upp á námskeið í Uppeldi til ábyrgðar fyrir nýja starfsmenn í skólum Fjarðabyggðar	Desember 2019	Fræðslustjóri

Senda fulltrúa starfsfólks á leiðtoganámskeið í Uppeldi til ábyrgðar	Febrúar 2019	Fræðslustjóri
Boðið verður upp á uppeldisnámskeið fyrir foreldra barna sem eru að byrja í leikskóla	September 2018	Leikskólastjórar
Auka símenntun starfsmanna í samstarfi við Austurbrú, Skólaskrifstofu Austurlands.	September 2019	Fræðslustjóri og skólastjórn.
Nýta Skólavogina sem verkfæri í ytra mati í grunnskólum Fjarðabyggðar.	Desember 2019	Fræðslustjóri
Nýta Skólapúlsinn sem verkfæri í innra mati grunnskólanna. Nemenda- könnun 2019.	Maí 2019	Skólastjórar grunnskóla
Viðhalda samstarfi skóla um verklega kennslu í eðlis- og efnafræði, tæknileg og nýsköpun	Desember 2019	Fræðslustjóri og skólastjórar
Unnið verður markvisst að markmiðum sem sett eru fram í sáttmála um læsi og sáttmálum un bættan námsárangur.	Desember 2019	Fræðslustjóri og skólastjórar
Starfa eftir samningi um Olweusarverkefnið gegn einelti í grunnskólum	Desember 2019	Skólastjórar grunnskóla
Þátttaka í Nótunni, tónlistarhátíð tónlistarskólanna	Mars 2019	Skólastjórar tónlistarskóla
Styðja við bakið á Austmennt, sjálfsprottið faglegt samstarf kennara í Fjarðabyggð.	Desember 2019	Fræðslustjóri og skólastjórar
Halda fjóra forvarnarviðburði fyrir almenning í samvinnu við aðrar stofnanir	Desember 2019	Starfsfólk fjölskyldusviðs
Sameiginleg innkaup á námsgögnum fyrir grunnskólanemendur.	Maí 2019	Fræðslustjóri og skólastjórar
Vinna að verkefnum í anda grænánans og heilsueflandi skóla.	Desember 2019	Skólastjórar leik- og grunnskóla
Unnið að eflingu tónlistarnáms innan leikskólanna með aðkomu Menningarstofu Fjarðabyggðar	Desember 2019	Fræðslustjóri og skólastjórar leikskóla

Árangursmæling

- Árangur og líðan barna og ungmenna í skólum samkvæmt sjálfsmatsáætlunum skólanna, Skólapúlsinum, Olweusaráætlun og rannsókninni Ungt fólk.
- Bera saman grunnskóla Fjarðabyggðar við aðra grunnskóla á Íslandi með notkun Skólavogarinnar.
- Kanna afstöðu foreldra með Skólapúlsinum.
- Bera saman grunnskóla Fjarðabyggðar við aðra grunnskóla á Austurlandi með aðstoð Skólaskrifstofu Austurlands.

5. Fjölskyldusvið - Íþróttar og tómstundamál

Sviðsstjóri: Þóroddur Helgason

Íþróttar- og tómstundastofnanir Fjarðabyggðar

Undir íþróttar- og tómstundamál falla málefni tómstunda- og íþróttamiðstöðva.

Félagsmiðstöðvarnar í Fjarðabyggð eru sex og staðsettar í byggðarkjörnum frá Norðfirði til Breiðdalsvíkur. Félagsmiðstöðvarnar starfa 9 mánuði ársins frá september til maí.

Íþróttamiðstöðvarnar í Fjarðabyggð eru átta talsins og þeim tilheyra sex íþróttahús í byggðarkjörnum frá Norðfirði til Breiðdalsvíkur, fjórar útisundlaugar á Norðfirði, Eskifirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík, innisundlaug á Fáskrúðsfirði, kennslulaug á Reyðarfirði, Skíðamiðstöð Austurlands í Oddskarði, Fjarðabyggðahöllin og íþróttavellir.

Í félags- og íþróttamiðstöðvum Fjarðabyggðar starfa samtals 35 starfsmenn í 25 stöðugildum.

Skipt eftir stofnunum er gert ráð fyrir eftirfarandi fjölda starfsmanna og stöðugilda:

- Á bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar starfar einn starfsmaður að æskulýðs- og íþróttamálum.
- Í félagsmiðstöðvunum starfa 8 starfsmenn í 3,65 stöðugildum.
- Í íþróttamiðstöðinni á Norðfirði starfa 10 starfsmenn í 7,0 stöðugildum.
- Í íþróttamiðstöðinni á Eskifirði starfa 8 starfsmenn í 6 stöðugildum.
- Í íþróttamiðstöðinni á Reyðarfirði starfa 3 starfsmenn í 3 stöðugildum.
- Í íþróttahúsinu á Fáskrúðsfirði starfar 1 starfsmaður í 1 stöðugildi.
- Í Sundlaug Fáskrúðsfjarðar starfa 2 starfsmenn í 1,6 stöðugildum.
- Í íþróttamiðstöð Stöðvarfjarðar starfa 3 starfsmenn í 1,25 stöðugildi.
- Í íþróttamiðstöðinni í Breiðdal starfa 3 starfsmenn í 0,9 stöðugildi.

Markmið/leiðarljós

Leiðarljós í íþróttar- og tómstundamálum er að Fjarðabyggð sé góður staður fyrir fólk á öllum aldri til að njóta frístunda.

Almenn markmið í íþróttar- og tómstundamálum

- Góð aðstaða til almennrar íþróttaiðkunar og félagsstarfs fyrir unglinga.
- Veita skíða- og brettafólki góða þjónustu. Styðja við bakið á ferðaþjónustunni og fjölga gestum.
- Fjölbreyttir möguleikar til íþróttar- og æskulýðsstarfs standi til boða í sveitarfélaginu.
- Jöfnun aðstöðu til íþróttaiðkunar og félagsstarfs á öllum þéttbýlisstöðum þannig að þjónustustigið nái hvarvetna tilteknu lágmarki.
- Virkt almennt forvarnarstarf fyrir börn og unglinga.
- Veita metnaðarfulla og framsækna grunnmenntun í félagsmiðstöðvum.
- Styðja við fjölbreytt frístundastarf í sveitarfélaginu.
- Stuðla að og viðhalda árangursríku samstarfi við hagsmunaaðila.
- Laða að og halda í hæft og drífandi starfsfólk.

Breytingar á forsendum/umhverfi

Leitast verður við að halda uppi góðri þjónustu fyrir börn og unglinga sem og fjölskyldur í íþrótt- og félagsmiðstöðvum Fjarðabyggðar. Áfram verður öllum börnum í Fjarðabyggð gefins árskort í sundlaugar Fjarðabyggðar árið 2019, en það er liður í að gera Fjarðabyggð að enn fjölskylduvænna sveitarfélagi og á sama tíma að nýta betur glæsileg íþróttamannvirki sveitarfélagsins. Eftirfarandi breytingar verða gerðar á gjaldskrár íþróttamiðstöðva:

Gjaldskrár fyrir íþróttamiðstöðvar hækka að meðaltali um 2,9%.

Helstu verkefni á árinu 2019

Íþrótt- og tómsundamál	Verklok	Ábyrgð
Safna saman upplýsingum um íþrótt- og tómsundastarf í Fjarðabyggð sumarið 2019 og auglýsa á sérstöku vefsvæði undir heimasíðu Fjarðabyggðar.	Maí 2019	Íþrótt- og tómsundafulltrúi
Endurskoða fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar.	Júní 2019	Fræðslustjóri
Að minnsta kosti fjögurra vikna leikjanámskeið í júní/júlí fyrir 1. – 4. bekk.	Júní 2019	Íþrótt- og tómsundafulltrúi
Landsmót 50+ verður haldið í Neskaupstað í júní 2019 í samstarfi við UMFÍ og UÍA.	Júní 2019	Bæjarstjóri og íþrótt- og tómsundafulltrúi
Óska eftir tilnefningum í Ungmennaráð og funda reglulega með ráðinu.	September 2019	Íþrótt- og tómsundafulltrúi
Kuldaboli, samstarfsverkefni félagsmiðstöðva í Fjarðabyggð sem fram fer í Fjarðabyggðahöllinni.	Október 2019	Íþrótt- og tómsundafulltrúi og forstöðumenn
Stefnt að tveimur opnum dögum yfir árið í íþróttamannvirkjum Fjarðabyggðar.	Nóvember 2019	Starfsmenn á fræðslu- og frístundasviði
Forvarnarfræðsla fyrir ungmenni í félagsmiðstöðvum.	Desember 2019	Íþrótt- og tómsundafulltrúi og forstöðumenn
Skipuleggja og framkvæma sameiginlega viðburði hjá félagsmiðstöðvunum í Fjarðabyggð.	Desember 2019	Íþrótt- og tómsundafulltrúi og forstöðumenn
Endurnýja búnað í íþrótt- og félagsmiðstöðvum Fjarðabyggðar í samræmi við fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.	Desember 2019	Íþrótt- og tómsundafulltrúi og forstöðumenn
Vinna að frekara samstarfi íþrótt- og æskulýðsfélaga í Fjarðabyggð.	Desember 2019	Íþrótt- og tómsundafulltrúi
Fylgja eftir stefnumótuninni Fjarðabyggð heilsueflandi samfélag og funda reglulega með stýrihópnum um verkefnið.	Desember 2019	Íþrótt- og tómsundafulltrúi
Halda áfram vinnu við innleiðingu Fjölskyldustefnu Fjarðabyggðar.	Desember 2019	Íþrótt- og tómsundafulltrúi og fjölskyldusvið Fjarðabyggðar
Fjórir forvarnarviðburðir fyrir almenning.	Desember 2019	Starfsmenn fjölskyldusviðs

Auglýsa eftir tilnefningum til íþróttamanns Fjarðabyggðar og veita afreksíþróttafólki viðurkenningar.	Desember 2019	Íþrótt- og tómstundafulltrúi
---	---------------	------------------------------

Árangursmæling

- Þjónustukönnun í sundlaugum. Viðskiptavinum gefinn kostur á að svara spurningum um aðbúnað, opnun og þjónustu starfsfólks.
- Skráning og samanburður á aðsóknartölum í íþróttamannvirkjum 2019

6. Menningar- og safnamál

Sviðsstjóri: Gunnar Jónsson

Starfsemi:

Málaflokkur menningar og safnamála heyrir undir stjórnslu og þjónustusvið Fjarðabyggðar.

Menningarstofu Fjarðabyggðar veitir forstöðu starfsmaður í 1 stöðugildi auk sérfræðings í 0,7 stöðugildi. Í söfnum starfa 5 starfsmenn í 4,82 stöðugildum en þeir heyra undir forstöðumann safnastofnunar.

Markmið og leiðarljós

Leiðarljós

- Að í Fjarðabyggð sé auðug og metnaðarfull menningarstarfsemi sem höfðar til heimamanna jafnt sem gesta.
- Að menning gegni mikilvægu hlutverki í atvinnulífi sveitarfélagsins og sé mikilvæg sem aðdráttarafl og ímynd sveitarfélagsins.
- Að allar stofnanir í Fjarðabyggð séu menningarstofnanir.
- Að Fjarðabyggð verði eftirsóttur áfangastaður fyrir ferðamenn vegna menningar og menningararfs.
- Að menningarstarfsemi í sveitarfélaginu sé byggð á góðu samstarfi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.
- Að íbúar eigi kost á að njóta safna og menningarlífs.
- Að börn og ungmenni í Fjarðabyggð njóti næringar á sviði menningar og fái að taka virkan þátt í skapandi starfsemi í frjóu umhverfi.
- Að aðstaða fyrir menningarstarfsemi sé til fyrirmyndar og þar séu góð skilyrði fyrir varðveislu og miðlun menningararfs í gegnum fjölbreytt og áhugaverð söfn.
- Að áhersla sé lögð á fagmennsku, skapandi og lifandi listastarfsemi.
- Að hlúð sé að þeirri menningu sem fyrir er og að góðar forsendur séu fyrir nýsköpun á sviði menningarmála.

Markmið

- Stuðlað sé að fjölgun menningarviðburða í Fjarðabyggð.
- Menningarstefna Fjarðabyggðar sé þekkt í öllum stofnunum sveitarfélagsins og höfð að leiðarljósi.
- Stofnanir og fyrirtæki í Fjarðabyggð verði fengin til samstarfs um eflingu Fjarðabyggðar sem áfangastaðar.
- Fjarðabyggð sé kynnt sem ein samstæð heild en menningareinkenni hvers byggðarkjarna njóti sín.
- Styrkja og styðja við menningarlífið eftir því sem kostur er.
- Veita grasrótinni hvatningu og ráðgjöf, fagna frumkvæði og fylgja því eftir.
- Vitund og þekkingu heimamanna á menningu og listum sé efld.
- Menningarverðmæti varðveitt og forvörslu muna sinnt af alúð.
- Veita skólum og almenningi aðgengi að góðri- og metnaðarfullri þjónustu.
- Bókasöfn nýtist almenningi sem upplýsinga- og þjónustugáttir.

- Veita öllum íbúum sveitarfélagsins jafnan og greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti til lestrar og afþreyingar á bókasöfnum.
- Að unnið verði á faglegan hátt að framþróun safna og aukinni menningarlegri fjölbreytni þeirra til styrkja ímynd Fjarðabyggðar sem safna- og menningarsveitarfélags.
- Að söfnin séu hluti af fjölbreyttri menningu í Fjarðabyggð.
- Að tekið sé vel á móti gestum safnanna.
- Stuðla að miðlun upplýsinga á söfnum á sem fjölbreyttastan hátt og sköpuð jákvæð upplifun um sögu og menningararf.
- Stuðla að heimsóknum lista- og fræðimanna og sjá til þess að skólar njóti góðs af slíkum heimsóknum.
- Að nýta fjármagn á skilvirkan og hagkvæman hátt, notendum og samfélaginu til hagsbóta.

Breytingar á forsendum og umhverfi

Menningarstefna sveitarfélagsins var innleidd á árinu 2018 ásamt því að menningarstofa var stofnsett.

Tilraunaverkefni sem unnin hafa verið á árunum 2017 og 2018 verða lögð til grundvallar í aðferðarfræði, endurskoðun og framkvæmd menningarstefnu.

Menningarstofa mun leita samstarfs við fyrirtæki í sveitarfélaginu með aðkomu að styrkjasjóði til menningarstarfs gegn ýmsum beinum og óbeinum ávinningi.

Gjaldskrá bókasafna verður óbreytt milli ára en tekjur eru hlutfallslega litlar fjárhæðir lágar. Verða námundaðar að krónutöluhækkun við áætlunargerð síðar. Gjaldskrá minjasafna hækkar 1. janúar 2019 um 5%.

Breytingar er áformaðar á fyrirkomulagi stjórnýslu í safnahúsi.

Þá er íbúum Fjarðabyggðar veittur frír aðgangur að söfnum í júní, júlí og ágúst 2019 gegn framvísun handhafa Fjarðakortsins.

Helstu verkefni á árinu 2019

Menningarmál	Verklok	Ábyrgð
Menningarstefna endurskoðun –útfærsla framkvæmdaáætlunar/aðgerða		Forstöðumaður menningarstofu
Tónlistarmiðstöð - unnið í samstarfsflötum með Menningarstofu		Forstöðumaður menningarstofu
Listaverkaskrá fullunnin og mat á verkum		Forstöðumaður menningarstofu
Faldir fjársjóðir - Kortlagning Godds á menningarauðlindum í Fjarðabyggð		Forstöðumaður menningarstofu
Tilraunaverkefni Sköpunarmiðstöðvar í tengslum við byggðapróun		Forstöðumaður menningarstofu
Þróunarvinna Jensenshúss - stefna og útfærsla gestavinnustofu		Forstöðumaður menningarstofu
Efling menningartengsl við Gravelines		Forstöðumaður menningarstofu
Menningarmessa og menningarferðir fagnefndar		Forstöðumaður menningarstofu

Bæjarlistamaður 2019, útfærsla og verkefnaval		Forstöðumaður menningarstofu
Fræði og listamannadvöl sem skipulagður vettvangur listamanna fyrir skapandi nám í skólum Fjarðabyggðar		Forstöðumaður menningarstofu
Efling samstarfs við listkennsludeild LHI í tengslum við sumarnámskeið og fræðslu vinnuskóla.		Forstöðumaður menningarstofu
Handverks- og hönnunmarkaður, gerð minjagripalínu og markaðssetning		Forstöðumaður menningarstofu
Lokun Oddskarðsganga, samfélagsgjörningur		Forstöðumaður menningarstofu
Lifandi safn = viðburðir af ýmsu tagi. Þróa samstarf með fræðslustjóra s.d. tónlistarskóla og móta tillögur að útfærslu.		Forstöðumaður safnastofnunar
Mat á kynningar og markaðssetningu safnanna (samstarf við upplýsingafulltrúa)		Forstöðumaður safnastofnunar
Safnaráð Neskaupstaðar. Starfsemi í safnahúsi skilgreind nánar. Breyting á rekstrarformi (samþykktum) Safns Jósaftas Hinrikssonar og Safnaráðs.		Forstöðumaður safnastofnunar
Merkingar áhugaverðra staða og menningarminja sem ferðamannasegla. Uppsetning á skiltum.		Forstöðumaður safnastofnunar
Stríðsárasafn byggt upp sem ferðamannasegull, svæði safnsins skipulag og lagt í landslagshönnun ásamt áætlun um þróun og uppbyggingu þess í samstarfi við HÍ.		Forstöðumaður safnastofnunar
Franska safnið, merkingar og markaðssetning safnsins með það markmiði að gera það að ferðamannasegli.		Forstöðumaður safnastofnunar
Skjalasafn Norðfjarðar húsnaðismál safnsins og framtíðarstaðsetning útfærð og ákveðin.		Forstöðumaður safnastofnunar
Fornleifaskráning í Stöð á Stöðvarfirði - Rannsóknir á mublum Þórhaddis hins gamla frá Mæri. Bjarni Einarsson fornleifafræðingur		Forstöðumaður stjórnsýslu
Söguritun Fáskrúðsfjarðar. Reiknað með verklokum á árinu.		Forstöðumaður stjórnsýslu
Söguritun Stöðvarfjarðar, öflun og skrásetning myndefnis og kynning á framkvæmd heimildaöflunar.		Forstöðumaður stjórnsýslu

Árangursmælingar

- Fjöldi menningarviðburða og sýninga – Menningarstofa
- Nýting á Jensenshúsi - Menningarstofa
- Fjöldi skráðra ljósmynda á stafrænt form - Safnastofnun
- Fjöldi gesta á söfn - Safnastofnun
- Fjölmiðlaumfjöllun „share of voice“ CI mælikvarði - Upplýsingafulltrúi
- Fjöldi samstarfsverkefna við skóla í Fjarðabyggð - Menningarstofa
- Fjöldi umsókna í menningarsjóð – Menningarstofa og Safnastofnun
- Fjöldi gestalistamanna og fræðimanna

7. Framkvæmda-, umhverfis og veitusvið/Mannvirkjasvið

Sviðsstjóri: Marínó Stefánsson

Starfsemi sviðsins

Undir framkvæmdasvið heyrar verklegar framkvæmdir sveitarfélagsins og hafnarsjóðs Fjarðabyggðar auk reksturs og utanumhalds fasteigna, opinna svæða, umhverfismál og gatnakerfis. Einnig heyrir undir sviðið hunda-, katta- og meindýraeftirlit, umsjón vinnuskóla, sorpmiðstöð Fjarðabyggðar og dagleg starfsemi á höfnum Fjarðabyggðar. Starfsmenn framkvæmdasviðs eru alls 15 á 5 starfstöðvum. Á skrifstofu eru 4 starfsmenn, í þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvum sem eru staðsettar á Norðfirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík eru 11 starfsmenn.

Framkvæmdasvið sér um vatnsveitur og fráveitur í öllu sveitarfélaginu og rafveitu á Reyðarfirði og hitaveitu á Eskifirði. Auk þess sér sviðið um fjarvarmaveitu á Reyðarfirði og Norðfirði.

Markmið/leiðarljós

- Veita íbúum og stofnunum eins góða og skilvirka þjónustu og hægt er, með allt sem heyrir undir sviðið.
- Að skilgreina betur og bæta þjónustu við viðskiptavinum sviðsins, gera verkferla skýrari og stuðla að faglegri meðferð erinda.
- Efla upplýsingakerfi og koma gögnum á rafrænt form. Auka upplýsingaöflun, greiningu upplýsinga og aðgengi að þeim.
- Bæta ásýnd mannvirkja og umhverfis, samræma merkingar og framsetningu upplýsinga.
- Stuðla að auknu öryggi vegfarenda hvort sem þeir eru gangandi, hjólandi, ríðandi eða akandi.
- Stuðla að aukinni meðvitund almennings um umhverfismál t.d. með fræðslu um meðferð úrgangs.
- Búa til jákvætt og vinalegt starfsumhverfi og efla sjálfstæði og frumkvæði starfsmanna.
- Markmið sviðsins er að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja gæði, framboð og afhendingaröryggi á sem hagkvæmstu verði.
- Sviðið mun efla þjónustuna og stefnir að því að viðbragðs- og biðtími verði sem stystur.
- Lögð verður áhersla á gæði þjónustunnar og vörunnar.
- Þarfir íbúa, fyrirtækja og stofnanna verða hafðar að leiðarljósi og reynt verður að uppfylla þær eftir föngum.
- Reynt verður að tryggja nauðsynleg þægindi íbúanna.
- Þjónustan verður skilgreind betur og verkferlar endurgerðir og gæðakerfi innleidd þar sem það er talið nauðsynlegt.
- Umhverfismál verða höfð í hávegum og stefnt að því að öll umgengni verði til fyrirmyndar.
- Mannvirki verða endurbætt og reynt að hafa allt útlit til fyrirmyndar og þannig að það falli sem best að umhverfinu.
- Reynt verður að skapa jákvætt starfsumhverfi og endurbæta viðmót starfsmanna.
- Öryggismál starfsmanna verða endurskoðuð og starfsumhverfið endurbætt.
- Frumkvæði og sjálfstæði starfsmanna verður eftt eins og við verður komið.
- Menntun og endurmenntun starfsmanna verður höfð í hávegum og tryggð nauðsynleg þjálfun starfsmanna.
- Nýjasta tækni verður viðmiðið og verður innleidd eins og hagkvæmt þykir.
- Sjálfvirkni og fjargæsla verður eflað og þannig reynt að lágmarka viðbragðtíma í bilunum og jafnframt reynt að fyrirbyggja rof á afhendingu og þjónustu.

- Upplýsingatækni verður eflid og gagnasöfnun og upplýsingar um kerfi og búnað endurbætt.

Helstu verkefni

- Rekstur fasteigna Fjarðabyggðar, umsjón með áætlunargerð, halda utan um viðhald og nýframkvæmdir
- Rekstur Sorpmiðstöðvar, samningar við verktaka, kynningar og eftirlit.
- Rekstur gatnakerfis, viðhald og nýframkvæmdir
- Rekstur á vatnsveitum og fráveitum í öllu sveitarfélaginu og rafveitu á Reyðarfirði og hitaveitu á Eskifirði. Auk þess sér rekstur á fjarvarmaveitu á Reyðarfirði og Norðfirði.
- Rekstur umhverfismála, en til þeirra telst umsjón vinnuskóla, sumarvinnu, umsjón með tjaldsvæðum og umhirða opinna svæða á vegum Fjarðabyggðar ásamt umsjón með refa- og minkaveiði.
- Umsjón með dýrahaldi s.s. hunda- og kattahaldi og fiðurfénaði.
- Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð og tækjamiðstöð heyrir undir rekstur sviðsins og starfa báðar deildir þvert á allan annan rekstur sviðsins, ásamt því að þjónusta aðra málaflokka Fjarðabyggðar.
- Dagleg starfsemi hafnarsjóðs Fjarðabyggðar
- Utanumhald með öllum verklegum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins og hafnarsjóðs Fjarðabyggðar, jafnt í A-hluta sem og B-hluta
- Framkvæmdasvið starfar með eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd og eru reglulegir fundir nefndarinnar hálfsmánaðarlega allt árið.

Í veitum Fjarðabyggðar:

- Helstu verkefni eru rekstur, viðhald og framkvæmdir allra veitnanna.
- Rekstur vatnsveitunnar felur í sér:
 - Vatnsöflun sem eru borholur og/eða vatnból í fjalli
 - Tankar til að tryggja lágmarks forða og afhendingaröryggi
 - Aðveitukerfi sem er tenging vatnbóla/tanka við dreifikerfi innanbæjar
 - Dreifikerfi sem er tenging aðveitunnar við einstaka viðskiptavini
- Rekstur frásveitunnar felur í sér:
 - Tengingu húsa við fráveituna og losun affallsvökva frá þeim
 - Söfnun ofanvatns gatna og annars yfirborðsvatn í fráveitu
 - Safnrásir einstakra svæða
 - Tenging safnrása við útrásir
- Rekstur hitaveitunnar felur í sér:
 - Borholur á Eskifirði til öflunar á hitaorku
 - Niðurdæling bakrásar í borholur
 - Hitaveitutankur til að tryggja forða og afhendingaröryggi
 - Aðveitukerfi sem er tenging borhola/tanks/rafskautskatla við dreifikerfi innanbæjar
 - Dreifikerfi sem er tenging aðveitunnar við einstaka viðskiptavini
 - Rekstur rafskautskatla í Neskaupsstað og á Reyðarfirði
- Rekstur rafveitunnar felur í sér:
 - Orkuöflun með eigin framleiðslu og innkaupum
 - Aðveita sem er tenging rafstöðvarinnar og innlaupastaðar við dreifikerfið
 - Dreifikerfi sem er tenging aðveitunnar við einstaka viðskiptavini

- Rafveita, hitaveita og vatnsveita rekur einnig og viðheldur mælum fyrir sölu til viðskiptavina.
- Veitusvið rekur einnig skjákerfi fyrir fjargæslu og rekstur veitukerfa og annast vöktun þjónustunnar.
- Samstarf er við Framkvæmda- og umhverfissvið um útboð og innkaup.
- Veitusvið starfar með eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd.

Breytingar á forsendum/umhverfi

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á starfsemi sviðsins á árinu 2019. Starfsmenn sviðsins eru alls 15. Störfin skiptast þannig að starfsmenn á skrifstofu verða 4 og 11 starfsmenn eru í þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvum.

Á skrifstofu eru sviðstjóri, umhverfisstjóri, verkefnastjóri á framkvæmdasviði, verkefnastjóri umhverfismála.

Þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvum eru 2 bæjarverkstjórar, garðyrkjustjóri, 1 aðstoðarverkstjórar, 6 véla- og verkamenn og 2 yfirflokkstjórar umhverfismála.

Hafnarstarfsemi heyrir undir framkvæmdasvið Fjarðabyggðar á höfnum starfa í dag 13 starfsmenn, á árinu 2019 er fyrirhugað að fjölga þeim um tvö þannig að þeir verði 15. Með því móti verður þjónusta á höfnum Fjarðabyggðar aukin.

Á árinu 2019 er stefnt á að halda áfram með það verkefni sem byrjað var á á árinu 2016 að leggja sérstaka áherslu á gangstéttar og umferðaröryggismál, einnig verður haldaið áfram að byggja upp leiksvæði bæði opin leiksvæði og við skóla. Það sama má segja í umhverfismálum, en framkvæmdir í þeim verða stilltar saman við framkvæmdir í gatnakerfi, veitum og hjá Hafnarsjóði, til að hámarka þann árangur sem hægt er að ná, miðað við það fjármagn sem verður til umráða. Verður lagt mikið upp úr að ná þessu samstarfi og samþættingu, þannig að niðurstaða verkefna skili alltaf betri ásynnd á umhverfið heldur en áður en farið var í framkvæmdir.

Undanfarin ár hefur verið leitast við að fá styrki til verkefna sem betrubæta ferðamannastaði. Þessu verður haldið áfram á árinu 2019, þ.e.a.s. áningastaði og stíga í Hólmanesi og Fólkvönginu í Norðfirði og við Söxu. Áfram verður þó leitað eftir styrkjum til framkvæmda við ferðamannastaði auk styrkja til að gera hjólréiðarstíga og skógræktarstíga. Það er gert í samvinnu við viðkomandi skógræktarfélag, móttöku veraldarvina og SEEDS.

Stefna sviðsins er að Fjarðabyggð verði til fyrirmyndar í umhverfismálum þar sem lögð er áhersla á samspil þess að bera virðingu fyrir náttúrunni en bjóða samt upp á möguleika á fjölbreyttri atvinnuuppbygginu. Jafnframt leggur sviðið áherslu á að bjóða upp á aðstöðu sem stuðlar að fjölbreyttu mannlífi í verkefnum sem snúa að fólkvöngum, friðlöndum og útivistarsvæðum, fegrun bæjanna og gatnahreinsun.

Stærri verkefni B-hluta fyrirtækja árið 2019 er bygging viðbyggingar við leikskólann á Reyðarfirði og undirbúningur og hönnun á stækkun leikskólanna á Eskifirði. Erfiðasti málaflakkurinn í B-hluta er rekstur félagslegra íbúða, en hallarekstur hefur verið viðvarandi og möguleikar til breytinga litlir þó að nokkur skref hafi verið stigin á þeirri leið. Gjaldskrárbreytingar í B- hluta munu taka mið af verðlags-, vaxta- og gengisþróun síðasta árs. Horft verður til þess að reyna að halda gjaldskrárhækkunum í algjöru lágmarki.

Stefnt er að því að gera þjónustusamninga við verktaka á svæðinu um þjónustu vegna sérhæfðrar starfssemi í veitum Fjarðabyggðar og einnig hugsanlega svæðisbundið. Horft verður til samstarfs við fyrirtæki og stofnanir varðandi rekstur veitnanna.

Gert er ráð fyrir að náíð samstarf verði við þjónustumiðstöðvar um rekstur, viðhald og framkvæmdir.

Byrjað er að innleiða gæðakerfi fyrir vatnsveituna á Eskifirði og er stefnt að því að innleiða slík kerfi fyrir allar vatnsveitur í Fjarðabyggð. Skoðuð verður reynslan af gæðakerfinu á Eskifirði á árinu og síðan tekin ákvörðun um frekari innleiðingu.

Verkferlar verða endurgerðir fyrir veiturnar á árinu 2019 og gæða- og öryggiskerfi innleidd eins og kostur er.

Fjargæsla verður eflað fyrir fráveitur á svæðinu sérstaklega m.t.t. rekstraröryggis dælubrunna.

Fjargæsla er nú fyrir vatnsveiturnar í Neskaupstað, á Eskifirði og Reyðarfirði. Stefnt er að því að taka í notkun fjargæslu á Fáskrúðsfirði bæði til vöktunar og stýringa.

Niðurdæling bakrásarvatns hitaveitunnar verður endurskoðuð þegar niðurstöður liggja fyrir úr ferilgreiningu ÍSOR. Reynt verður nýta betur núverandi niðurdælingaholur og ný niðurdælingahola boruð ef ferilgreiningin gefur tilefni til að áætla að það myndi bæta rekstur hitaveitunar. Jafnframt verður forðagreining ÍSOR höfð til hliðsjónar.

Rekstur fjarvarmaveitna á Reyðarfirði og í Neskaupstað verða endurskoðaður m.t.t. rekstraröryggis, áreiðanleika og ástand búnaðar.

Gagnaöflun verður eflað og skráning lagnaleiða og búnaðar lagfærð. Allar nýja lagnir og endurnýjun lagna verður hnitsett og skráð í gagnagrunn. Jafnframt verða tímamælingar auknar og færðar í gagnagrunnskerfi til að auka upplýsingar um rekstrarstöðu veitnanna.

Mannvirki veitna verða lagfærð eftir föngum og reynt að reynt gera allt útlit og aðkomu sem snyrtilegasta.

Helstu verkefni á árinu 2019

Framkvæmdasvið	Verklok	Ábyrgð
Viðhaldsverkefni fasteigna er stór þáttur í verkefnum hvers árs. Stærstu einstöku verkefni næsta árs eru viðhald á grunnskólum, sundlaugum og hönnun á stækkunarmöguleikum á leikskólunum á Eskifirði og Reyðarfirði.	Allt árið	Verkefnastjóri á framkvæmdasviðs
Verkefni í tengslum við ofanflóðavarnir í Neskaupstað	Allt árið	Sviðsstjóri
Ut anumhald nýframkvæmda á B-hluta fyrirtækja.	Allt árið	Sviðstjóri
Ut anumhald nýframkvæmda fyrir Hafnarsjóð Fjarðabyggðar.	Allt árið	Sviðstjóri
Setja þarf upp umferðarmerki, hraðahindranir og gangbrautir samkvæmt gildandi umferðarsamþykkt	Allt árið	Verkefnastjóri á framkvæmdasviðs
Vinna þarf umferðaröryggisáætlun fyrir Fjarðabyggð í samvinnu við foreldrafélög, lögreglu, Vegagerðina o.fl. í framhaldi þarf að forgangsraða og setja í áætlanir framkvæmdir sem stuðla að auknu umferðaröryggi í Fjarðabyggð.	Allt árið	Verkefnastjóri á framkvæmdasviðs
Fylgja eftir Innleiðingu á tunnu undir lífrænan úrgang og frekari flokkun í Fjarðabyggð, bæði með endurvinnslutunnunni. Auk þess	Allt árið	Verkefnastjóri umhverfismála

verður lögð aukin áhersla á fræðslu um málaflokkinn. Markmið ársins er að flokkun verði 23% í endurvinnslutunnuna.		
Ut anumhald vinnuskóla, skipulagning, umsjón daglegra verkefna og flokksstjórnun.	Allt árið	Sviðstjóri
Undirbúningur og skipulag umhirðu grænna svæða, skipuleggja umhirðu stíga, skipuleggja verkefni sumarsins s.s. lúpínu, hreinsun á fjörum og landi.	Allt árið	Umhverfisstjóri
Undirbúningur og vinna á langtíma viðhaldsáætlun og stýrðu viðhaldi fyrir fasteignir eignasjóðs, Hrauns ehf. og félagslegra íbúða Fjarðabyggðar.	Allt árið	Verkefnastjóri á framkvæmdasviði
Leikvellir í Fjarðabyggð. Vinna eftir verkáætlun um uppbyggingu leiksvæða.	Allt árið	Verkefnastjóri á framkvæmdasviði
Uppbygging áningarstaða og fólkvanga í Fjarðabyggð .	Allt árið	Umhverfisstjóri
Rekstur tjaldsvæða í Fjarðabyggð	Allt árið	Umhverfisstjóri
Áframhald á þeirri uppbyggingu á göngu- og hjólréiðastígum í sveitarfélaginu og gera áætlanir um frekari uppbyggingu þeirra og skipulag.	Allt árið	Sviðstjóri
Eftirlit með að verksamningur um meðhöndlun úrgangs sé uppfylltur. Sjá um fræðslu til íbúa varðandi flokkun úrgangs auk móttöku ábendinga og kvartana	Allt árið	Verkefnastjóri umhverfismála
Hitaveita Eskifirði, endurbætur á niðurdælingu bakrásarvatns	Haust	Sviðstjóri
Fjarvarmaveita, Neskaupstað, endurnýjun búnaðar	Haust	Sviðstjóri
Fjarvarmaveita, Reyðarfirði, endurnýjun búnaðar	Haust	Sviðstjóri
Rafveita, hringtenging Reyðarfirði	Sumar	Sviðstjóri
Rafveita, fjargæsla og fjarmæingar, gagnasöfnun	Allt árið	Sviðstjóri
Rafveita, rofbúnaður háspenna viðbætur og endurnýjun	Allt árið	Sviðstjóri
Rafveita, rofbúnaður lágspenna endurnýjun	Allt árið	Sviðstjóri
Fáskróðsfjörður, endurnýjun vatnsveitu og fráveitu í Skólavegi	Haust	Sviðstjóri
Reyðarfjörður, endurnýjun vatnsveitu og fráveitu í götum	Haust	Sviðstjóri
Eskifjörður, Safnræsi/Dælustöðvar fráveitu	Allt árið	Sviðstjóri
Reyðarfjörður, Safnræsi/Dælustöðvar fráveitu	Allt árið	Sviðstjóri
Reyðarfjörður, Útrás fráveitu 1/3	Allt árið	Sviðstjóri
Vatnsból, lagfæringar Eskifirði og Fáskróðsfirði	Allt árið	Sviðstjóri
Fjargæsla veitna	Allt árið	Sviðstjóri
Þjónustukönnun veitna	Allt árið	Sviðstjóri
Hitaveita Eskifirði, endurbætur á niðurdælingu bakrásarvatns	Haust	Sviðstjóri
Fjarvarmaveita, Neskaupstað, endurnýjun búnaðar	Haust	Sviðstjóri
Fjarvarmaveita, Reyðarfirði, endurnýjun búnaðar	Haust	Sviðstjóri

Árangursmæling

- Að verkefni séu í samræmi við áætlanir, bæði hvað varðar tíma og kostnað
- Að rekstur allra málaflokka verði innan fjárhagsáætlana
- Að sorpflokkun nái settu markmiði

8. Skipulags-, byggingar- og umhverfismál

Skipulags- og byggingarfulltrúi: Valur Sveinsson

Starfsemi vegna skipulags- og byggingarmála

Undir skipulags-, byggingar- og umhverfismál heyra skipulags- og byggingarmál í Fjarðabyggð ásamt umhverfismálum. Skipulags- og byggingarfulltrúi sinnir skipulags-, byggingar- og umhverfismálum í Fjarðabyggð ásamt þjónustufulltrúa skipulags- og byggingarmála og umhverfisstjóra. Skipulags- og byggingarfulltrúi, þjónustufulltrúi skipulags- og byggingarmála og umhverfisstjóri eru með starfstöð á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar.

Markmið/leiðarljós

- Veita íbúum og stofnunum eins góða og skilvirka þjónustu og hægt er, með allt sem heyrir undir skipulags-, byggingar- og umhverfismál.
- Að skilgreina betur og bæta þjónustu við viðskiptavinum, gera verkferla skýrari og stuðla að faglegri meðferð erinda.
- Efla upplýsingakerfi og koma gögnum á rafrænt form. Auka upplýsingaöflun, greiningu upplýsinga og aðgengi að þeim.

Helstu verkefni

- Skipulags- og byggingarfulltrúi ásamt þjónustufulltrúa skipulags- og byggingarmála og umhverfisstjóra fylgja eftir aðal- og deiliskipulagi sveitarfélagsins, annast aðal- og deiliskipulagsgerð og útgáfu leyfisveitinga á sviði skipulags-, byggingar- og umhverfismála
- Skipulags- og byggingarfulltrúi ásamt umhverfisstjóra starfa með eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd ásamt landbúnaðarnefnd. Reglulegir fundir eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd eru hálfsmánaðarlega allt árið. Landbúnaðarnefnd fundar þegar erindi liggja fyrir nefndinni.

Breytingar á forsendum/umhverfi

Umhverfismál hafa verið færð undir skipulags- og byggingarfulltrúa. Umhverfisstjóri á framkvæmda- og umhverfisviði er orðinn starfsmaður skipulags- og byggingarfulltrúa með sama starfsheiti þannig að þrjú stöðugildi verða í skipulags-, byggingar- og umhverfismálum.

Árið 2019 mun einkennast af því fjármagni sem til málaflokksins er úthlutað en búast má við lækkun tekna vegna stöðuleyfisgjalda sem hefur áhrif á ramma.

Undanfarin ár hefur verið leitast við að fá styrki til skipulagsvinnu vegna verkefna sem betrubæta ferðamannastaði. Þessu verður haldið áfram árið 2019, þ.e.a.s. vegna skipulagsvinnu við Klifurbrekkufossa í Mjóafirði og Beljanda í Breiðdal.

Helstu verkefni á árinu 2019

Skipulags-, byggingar- og umhverfismál	Verklok	Ábyrgð
Skönnun, tenging og skráning skjalasafns skipulags- og byggingarfulltrúa vegna Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps í One land. Unnið verður að tengingum teikninga sem eftir eru í gagnasjá svo þær verði sýnilegar á heimasíðu Fjarðabyggðar.	Allt árið	Þjónustufulltrúi skipulags- og byggingarmála
Þróun afgreiðslu byggingarmála í rafrænni stjórnsýslu	Allt árið	Skipulags- og byggignarfulltrúi
Halda áfram með stjórnkerfi byggingafulltrúa þannig að það uppfylli allar kröfur ISO 17020.	Allt árið	Skipulags- og byggingafulltrúi
Stefnumótunarvinna vegna landnýtingar, ferðaþjónustu og nýtingar haf- og strandsvæða	Allt árið	Umhverfisstjóri
Stefnumótun, eftirlit og umsjón vegna gæludýra, búfjár og villtra dýra	Allt árið	Umhverfisstjóri
Endurskoðun Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 vegna sameiningar við Breiðdalshrepp, fiskeldis ofl.	Allt árið	Skipulags- og byggingarfulltrúi, umhverfisstjóri
Breyting á Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 vegna stækkunar Eskifjarðarhafnar (Fjármagnað af Hafnarsjóði)	mars	Skipulags- og byggingarfulltrúi, umhverfisstjóri
Deiliskipulagsvinna fyrir svæði þar sem ákveðið hefur verið að vinna ný deiliskipulög eða endurbæta og uppfæra gömul. Þau deiliskipulög sem til stendur að vinna á árinu 2019 eru <ul style="list-style-type: none"> ○ Deiliskipulag miðbæjar Eskifjarðar. ○ Breyting deiliskipulags Leiru 1, vegna stækkunar Eskifjarðarhafnar (Fjármagnað af Hafnarsjóði) ○ Deiliskipulag skíðasvæðis í Oddskarði ○ Deiliskipulag Urðarbotns og Sniðgil ○ Deiliskipulagi miðbæjar á Reyðarfirði og deiliskipulagi fiskihafnar á Reyðarfirði ○ Halda áfram með deiliskipulagsgerð byggðra svæða í Fjarðabyggð þar sem ekki liggja fyrir samþykkt deiliskipulög 	Allt árið Mars September Febrúar Allt árið Allt árið	Skipulags- og byggingafulltrúi, umhverfisstjóri

Árangursmæling

- Að verkefni séu í samræmi við áætlanir, bæði hvað varðar tíma og kostnað
- Að rekstur málaflokksins verði innan fjárhagsáætlana

9. Stjórnsýslu- og þjónustusvið

Sviðsstjóri: Gunnar Jónsson

Starfsemi:

Sviðið er stoðsvið sem veitir þjónustu þvert á fagsvið sveitarfélagsins. Í þjónustu felst m.a. ráðgjöf til stjórnenda í þeim málum sem falla undir sviðið.

Hlutverk stjórnsýslu- og þjónustusviðs Fjarðabyggðar er að vinna fyrir bæjarbúa og stuðla að skilvirkri og góðri þjónustu.

Sviðið er ábyrgt fyrir almennri þjónustu bæjarskrifstofu, stjórnsýslu og skjalamálum, gæðamálum, mannauðs- og kjaramálum, upplýsingatæknimálum, markaðs- og kynningarmálum, menningar- og safnamálum, atvinnu- og ferðamálum auk ýmsum þróunarmálum.

Þá annast sviðið undirbúning funda bæjarstjórnar, bæjarráðs og menningar- og nýsköpunarnefndar, framkvæmd þeirra og afgreiðslu mála ásamt kosningum.

Sviðið er skipað 10 starfsmönnum í 9,7 stöðugildum sem vinna saman í þremur teyllum og er áhersla lögð á þétt samstarf starfsmanna um lausnir verkefna. Þá starfa í söfnum 5 starfsmenn í 4,82 stöðugildum sem heyra undir forstöðumann menningar- og safnamála ásamt forstöðumanni menningarstofu.

Teymin eru:

- stjórnsýslu- og þjónustuteymi
- mannauðs og kjarateymi
- upplýsinga-, atvinnu- og menningarteymi

Markmið/leiðarljós

Stjórnsýsla, gæðamál og þjónusta

Markmið sviðsins til lengri tíma miðar að því að starfsemi þessi þróist í átt að rafrænni og opinni stjórnsýslu. Þjónusta við íbúa, fyrirtæki og stofnanir sé fyrsta flokks.

Unnið sé skipulega að skilvirkni og góðri þjónustu til að stuðla að bættri ímynd sveitarfélagsins.

Reglur og ferlar séu uppfærðir reglubundið með það að markmiði að þeir endurspegli starfshætti og stjórnsýsluna. Markmið sé að stjórnsýsla sé skilvirk.

Unnið að setningu markmiða í þjónustu með þjónustulýsingum og þjónusta veitt í samræmi við markmið.

Mat sé lagt á flæði hinna ýmsu mála í gegnum stjórnsýsluna, embætti og ólíkar nefndir með það að leiðarljósi að hraða afgreiðslu mála og meta hvort þau hafi verið afgreidd rétt innan eðlilegra tímamarka. Metið hvort unnið sé rétt með framsal fullnaðarafgreiðslu til nefnda og embætta. Sérstakt átak verði gert í að fækka málum með óskýrðan og óeðlilegan afgreiðslutíma og lærdómur dregin af niðurstöðum átaks.

Mannauðs- og kjaramál

Markmið sviðsins til lengri tíma er að styðja við eflingu mannauðs sveitarfélagsins og að allt umhald og skipulag starfsmannamála sé samræmt milli stofnana og byggi á mannauðsstefnu, reglum og ferlum.

Stutt verði við Skemmtifélag starfsmanna Fjarðabyggðar og lagt sé fjármagn til heilsueflingar, samstarfs og fræðslu starfsmanna með það að markmiði að bæta starfsánægju og hollustu. Reglubundið mat gert á endur- og símenntun starfsmanna, skipulagi og nýtingu fjármagns.

Mat á fræðsluþörf starfsmanna sé unnið skipulega og með því hlúð að þekkingarauði m.a. með skilvirkri skráningu upplýsinga.

Lögð áhersla á að starfsþróunarsamtöl séu virkt stjórnþæki. Starfsþróunarsamtöl séu nýtt til að bæta starfsanda og efla liðsheild. Unnið sé skipulega með niðurstöður í úrbótaverkefnum.

Fylgt verði eftir niðurstöðum úr könnunar á starfslíðan starfsmanna Fjarðabyggða m.a með því að:

- efla stjórnendur og bæta stjórnunarhætti
- bæta miðlun upplýsinga til starfsmanna og efla samráð
- vinna að því að minnka streitu og álag meðal starfsmanna
- styðja við heilsueflingu og áhugamál starfsmanna
- bæta ráðningarferli og skapa traust á faglegri ákvarðanatöku í starfsmannamálum
- efla starfsanda og skilning starfsmanna og stjórnenda á mikilvægi jákvæðs starfsanda
- starfsmenn fái notið hæfileika sinna í starfi og bæti starfstengda þekkingu sína.
- yfirfara starfstengdar starfslýsingar til að skerpa á ábyrgð og skilvirkni.

Unnið verði áfram í ferlum í starfsmannamálum og verklýsingum vegna ýmissa þátta eins og meðferð veikindafjarvista, ráðninga o.s.frv.

Unnið verði að uppfærslu gagna í launakerfi og skilgreindir ferlar.

Fylgst verði sérstaklega með frávikum í rekstri frá gildandi launaáætlun fyrir árið 2019.

Upplýsingatæknimál

Markmið sviðsins til lengri tíma miðar að því að starfsemi sveitarfélagsins þróist í átt að rafrænum lausnum þar sem besta fánleg tækni verði nýtt til hagsbóta fyrir stjórnendur, starfsmenn og viðskiptavini.

Upplýsingamiðlun verði eflid til að auðvelda stjórnendum að fylgjast með rekstri stofnana sinna og almennri frammistöðu.

Í upplýsingatækni verði stuðlað að öryggi og skilvirkni í rekstri tölvukerfa. Verkefni í upplýsingatæknimálum á árinu 2019 verði:

- efling rafrænnar þjónustu og sjálfsafgreiðslu
- rafrænnar skjalvistunar undirstofnana
- Úttekt verði unnin á öryggisþáttum upplýsingatæknimála

Upplýsinga- og kynningarmál

Markmið sviðsins til lengri tíma miðar að því að skapa jákvæða og sterka ímynd sveitarfélagsins sem aðlaðandi og sterks samfélags sem þekkt sé fyrir gæði og öryggi. Sérstaklega sé hugað að orðspori þess.

Að veita íbúum sem gleggstar upplýsingar um þjónustu Fjarðabyggðar og kynna sveitarfélagið sem spennandi valkost fyrir búsetu.

Stuðla að jákvæðum fréttanflutningi um sveitarfélagið sem stuðlar að styrkri ímynd þess.

Kynna Fjarðabyggð sem eina samstæða heild en jafnframt leyfa hverjum byggðarkjarna að njóta sérstöðu.

Almennt

Sviðið sé skipað ánægðu starfsfólki og sé vel tæknilega búið til að sinna framúrskarandi þjónustu til íbúa, fyrirtækja og stofnana. Skilvirkni sviðsins sé háþyrstur og það vinni skipulega að bættri ímynd sveitarfélagsins.

Upplýsingagjöf og miðlun til stofnana sé að frumkvæði sviðsins.

Unnið skipulega að eflingu þekkingar með hagnýtum námskeiðum.

Breytingar á forsendum/umhverfi

Sérstöku framlagi veitt til upplýsingatækni bæjarfulltrúa og kjörinna fulltrúa.

Helstu verkefni á árinu 2019

Stjórnsýslu- og þjónustusvið	Verklok	Ábyrgð
Mat á gildandi verklýsingum og stjórnsýslulegum ferlum og áætlun gerð um endurbætur á ferlum og gerð nýrra.	allt árið	Bæjarritari
Reglur, ferlar og verklag í starfsmannamálum útfært	maí	Bæjarritari
Fræðsla stjórnenda í mannauðsmálum	nóvember	Bæjarritari
Innleiðing upplýsingatæknikerfa í One, ábendingakerfi og skjalakerfi undirstofnana	maí	Bæjarritari
Jafnlaunavottun	febrúar	Bæjarritari
Reglur, ferlar og verklag í stjórnsýslu yfirfarið og útfært.	maí	Forstöðumaður stjórnsýslu
Fræðsla stjórnenda í opinberri stjórnsýslu	maí	Forstöðumaður stjórnsýslu
Starfsánægjuvísitala Fjarðabyggðar könnun	september	forstöðumaður stjórnsýslu
Stjórnendafræðsluáttak	maí nóvember	Sviðsstjóri ásamt bæjarstjóra
Fjölmiðlatengsl og fjölmiðlastefna	allt árið	Upplýsingafulltrúi

Árangursmæling

- Hlutfall innkominna símtala sem hægt er að afgreiða án þess að símtal sé gefið áfram til annarra starfsmanna.
- Fjöldi ábendinga og afgreiðsla þeirra.

- Fjöldi nýrra verklýsinga.
- Fjöldi mála í málaskrá sveitarfélagsins sem er ólokið í hverjum mánuði.
- Fjöldi rekstrarfrávika í miðjurekstri upplýsingatæknikerfa
- Frávik frá gildandi launáætlun.
- Fjöldi af villum við útborgun og flokkun þeirra efir ástæðum.
- Fjöldi daga sem líður frá fyrsta starfsdegi til stofnunar launamanns í kerfi.

Atvinnumál

Málaflokkur atvinnumála heyrir undir stjórnslu- og þjónustusvið Fjarðabyggðar.

Markmið og leiðarljós

Leiðarljós:

- Að í Fjarðabyggð sé auðug og metnaðarfull atvinnustarfsemi sem höfðar til heimamanna jafnt sem gesta.
- Að Fjarðabyggð sé áfram álitlegur búsetukostur
- Að Fjarðabyggð sé álitlegur kostur fyrir fyrirtæki til að setja niður starfsemi sína.
- Að í Fjarðabyggð sé fjölskrúðugt atvinnulíf sem er megin forsenda þess að tryggja byggðafestu.
- Að Fjarðabyggð tryggi jafnan aðgang kynjanna að atvinnu og atvinnusköpun.
- Að tryggja hátt og gott menntunarstig og tryggja aðgang að hákólanámi innan svæðins.
- Efling of styrking verslunar og þjónustu í Fjarðabyggð.
- Hámarka nýtingu innviða og náttúruauðlinda
- Markmið:
- Stuðlað sé að fjölgun atvinnutækifæra í Fjarðabyggð.
- Staðið verði við bakið á atvinnuþróun og nýsköpun í Fjarðabyggð.
- Viðhalda öflugum og sterkum tengslum við ráðuneyti, stofnanir og hagsmunasamtök.
- Hámarka nýtingu innviða og náttúruauðlinda
- Fjarðabyggð verði áfram leiðandi sveitarfélag á sviði framleiðslu, verslunar og þjónustu.
- Hlúa þarf vel að þeim öflugum fyrirtækjum sem nú þegar stafa á svæðinu og skapa grundvöll fyrir þau til að vaxa áfram og dafna.

Breytingar á forsendum og umhverfi

Fjarðabyggð stefnir að því að verða leiðandi í atvinnulífi á Austurlandi. Unnið verði að því að marka stefnu í atvinnumálum í Fjarðabyggða og skapa þannig grundvöll. Einnig verði aukin kraftur settur í að taka saman og gefa út helstu hagtölur fyrir Fjarðabyggð.

Efling almenningssamgangna er mikilvægur þáttur í því að gera Fjarðabyggð að einu atvinnusvæði. Gera þarf fólki kleift að sækja vinnu á milli byggðakjarna án vandræða. Góðar almenningssamgöngur eru lykilþáttur í því.

Jaðarbyggðir. Byggðakjarnar Fjarðabyggðar eru misvel settir hvað varðar atvinnu og tækifæri til framþróunar. Gæta þarf að því að jaðarbyggðir í Fjarðabyggð vaxi og dafni í takt við aðrar einingar og ekki skapa þeim betri eða viðvarandi vaxtarskilyrði.

Stofnun hagsmunasamtaka atvinnulífsins í Fjarðabyggð er mikilvægur þáttur í að efla þau fyrirtæki sem fyrir starfa á svæðinu.

Unnið verði að mótun stefnu í ferðamálum í samstarfi við ferðaþjónustuaðila á svæðinu og aðra hlutaðeigani aðila. Í ferðamálastefnunni verði sett fram þau markmið sem á að ná í ferðaþjónustu á næstum árum. Greint verði hvaða „seglar“ það er sem Fjarðabyggð getur boðið upp á og hvernig þeim verður best komið á framfræri.

Helstu verkefni á árinu 2018

Atvinnumál	Verklok	Ábyrgð
Útgáfa á helstu hagtölum fyrir Fjarðabyggð		Atvinnu- og þróunarstj.
Samstarfsverkefni Austurbrú, SSA útfærð og markmið sett í samstarfi		Atvinnu- og þróunarstj.
Skiltamál, unnið í samræmi við áætlun skiltahóps.		Upplýsingafltr.
Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði – efling starfsemi miðstöðvarinnar með frekari aðkomu í gegnum samstarfsvettvang		Atvinnu- og þróunarstj.
Fiskeldi í Fjarðabyggð – Áfram verði unnið samkvæmt stefnu Fjarðabyggðar.		Atvinnu- og þróunarstjóri
Stefnumótun í ferðamálum.		Atvinnu- og þróunarstjóri og upplýsingafulltr.
Vinna vegna jaðarbyggðar.		Atvinnu- og þróunarstj.
Atvinnuþróun og nýsköpun – unnið að verkefnum sem tengjast frekari fullvinnslu á framleiðsluþáttum.		Atvinnu- og þróunarstj.
Háskólasetur Austurlands – Unnið verði áfram að eflingu Háskólaseturs í samstarfi við Austurbrú, atvinnulífið og önnur sveitarfélög á Austurlandi.		Atvinnu- og þróunarstj.
Vinna að því að fá fleiri opinberar stofnannir til að setja upp vinnustöðvar í Fjarðabyggð eða hafa starfsmenn staðsetta þar.		Atvinnu- og þróunarstj.
Ráðgjöf og umsóknagerð með nýjum og gömlum atvinnu- og þróunarverkefnum		Atvinnu- og þróunarstj.
Stofnun hagsmunasamtaka atvinnulífsins í Fjarðabyggð.		Atvinnu- og þróunarstj.
Efling almenningssamgangna á milli byggðakjarna.		Atvinnu- og þróunarstj.

Árangursmælingar

- Fjölgun atvinnutækifæra

10. Fjármálasvið

Sviðsstjóri: Snorri Styrkársson

Umfang rekstrar

Fjármálasvið er stoðsvið eða þjónustusvið við önnur svið og stofnanir Fjarðabyggðar. Á fjármálasvið starfa auk sviðsstjóra, aðalbókari, bókarari, gjaldkeri, innheimtufulltrúi og sérfræðingar í 7 stöðugildum.

Markmið/leiðarljós og hlutverk

Marmið fjármálateymis er að efla upplýsingamiðlun til kjörinna fulltrúa, stjórnenda, starfsmanna, viðskiptavina og íbúa er varðar fjárhags- og rekstrarleg málefni sveitarfélagsins og leita leiða til að auka hagkvæmni í nýtingu fjármuna sveitarfélagsins. Verkefni fjármálasviðs eru m.a. skráningar og umsjón með fjárhagsupplýsingakerfi, upplýsingagjöf um rekstur Fjarðabyggðar, stofnana og deilda, greiðsla reikninga, reikningagerð, innheimta krafna, fjármálaumsýsla, innkaupamál, áætlunargerð og gerð fjárhagsyfirlita og ársreiknings.

Helstu verkefni á árinu 2019

Fjármálasvið	Verklok	Ábyrgð
Að greina rekstur Fjarðabyggðar með samþjöppun rekstrareininga, hagkvæmari rekstur og skilvirkari þjónustu að leiðarljósi	Vetur/vor	Sviðsstjóri og starfsmenn sviðsins
Greina innkaup Fjarðabyggðar og möguleika til áherslubreytinga í innkaupum m.t.t. skilvirkni og hagkvæmari innkaupa	Allt árið	Sviðsstjóri og starfsmenn sviðsins
Innleiðing á frekari ferli við að fjárhagsáætlanagerð ársins 2020 hefjist í byrjun sumars og nýjum tæknilegum útfærslum við fjárhagsáætlunargerðina	Apríl/maí	Sviðsstjóri og aðalbókari
Klára innleiðingu á nýju viðmóti við afgreiðslu innkaupakorta	Vor 2020	Sviðsstjóri og aðalbókari
Gerð mánaðaryfirlita og reglubundinna uppgjóra ásamt frávikagreiningu. Yfirlit lögð fyrir bæjarráð og upplýsingum um rekstur og stöðu einstakra stofnana og fyrirtækja miðlað til viðkomandi forstöðumanna og sviðsstjóra	Allt árið	Sviðsstjóri og aðalbókari
Gerð sex mánaða uppgjors er lýsir rekstri og stöðu efnahags á glöggan hátt	Ágúst 2020	Sviðsstjóri
Gerð úttekta á einstökum stofnunum, deildum og eða rekstrarþáttum Fjarðabyggðar með hagræðingu í rekstri eða bættu þjónustu að leiðarljósi	Allt árið	Sviðsstjóri
Yfirfara og samræma innri ferla og ferlalyfingar verkefna fjármálasviðs auk greiningu og skráningu á eignum	Allt árið	Sviðsstjóri og starfsmenn sviðsins
Fundir með sviðstjórum og einstökum forstöðumönnum þar sem farið er yfir þjónustu, samskipti og helstu reglur er tengjast uppáskrift, innkaupum, rekstur og bókahaldi	Allt árið	Sviðsstjóri og starfsmenn sviðsins
Ársreikingagerð vegna ársins 2018	Mars	Sviðsstjóri og aðalbókari

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2020 og þriggja ára áætlun 2021-2023	Apríl – október 2020	Sviðstjóri og starfsmenn sviðsins
Símenntunarmál: Námskeið sem auka hæfni starfsmanna í helstu verkefnum	Allt árið	Sviðsstjóri

Árangursmæling

- Fjöldi framlagðar greininga og gagna til sviða og stofnana auk kjörinna fulltrúa
- Breytingar í rekstrarkostnaði sviðsins
- Fjöldi kvartana vegna útgefinna reikninga og innheimtuaðgerða

11. Hafnarsjóður Fjarðabyggðar

Sviðsstjóri: Steinþór Pétursson

Umfang rekstrar

Hafnarstjórn hefur umsjón með rekstri hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og allri uppbyggingu á athafnasvæðum hafnanna. Hafnarstarfsemin í Fjarðabyggð er víðfeðm og dreifist á 7 hafnir; Breiðdalsvíkurhöfn, Stöðvarfjarðarhöfn, Fáskrúðsfjarðarhöfn, Reyðarfjarðarhöfn, Eskifjarðarhöfn, Norðfjarðarhöfn og Mjóafjarðarhöfn. Auk þessara hafna er Mjóeyrarhöfn innan vébanda Reyðarfjarðarhafnar. Um starf og valdsvið fer samkvæmt samþykkt um hafnarstjórn Fjarðabyggðar.

Hafnarsjóður Fjarðabyggðar er annar stærsti hafnarsjóður landsins en um hann fóru á árinu 2017 um 1.542 þ. tonn af vörum, sem skiptist þannig að 957 þ. tonn komu til hafnarinnar, en 585 þ. tonn fóru frá höfninni. Þá var landað um 402 þ. tonnum af sjávarafli hjá höfnum Fjarðabyggðar bæði af innlendum og erlendum skipum, en um 28,6% af lönduðum afla í íslenskum höfnum er landað í Fjarðabyggð. Skráðar skipakomur árið 2017 voru 1093. 7 farþegaskip kom til Fjarðabyggðar á árinu 2017 með 4.121 farþega auk 2.373 manna áhafnar.

Starfsmenn Fjarðabyggðahafna eru 15 talsins. Í fullu starfi eru 12, en auk þess er starfsmaður í hlutastarfi við Mjóafjarðarhöfn. Á Stöðvarfirði sér starfsmaður þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar um höfnina, en höfnin greiðir þjónustu og framkvæmdamiðstöðinni fyrir afnot af starfsmanninum. Starfsmaður í hlutastarfi sinnir Breiðdalsvíkurhöfn. Starfsmenn hvernar starfsstöðvar hafa umsjón með daglegum rekstri. Vinnutími er frá kl. 8.00 – 17.00 virka daga en auk þess eru starfsmenn á bakvöktum til að sinna útköllum utan daglegs vinnutíma.

Starfsmenn hafna eru hluti af þjónustumiðstöð sem heyrir undir sviðsstjóra Eigna- skipulags- og umhverfissviðs

Starfsmenn hafnarinnar sjá um að veita hafnsögu- og dráttarbátþjónustu, en daglega sinna þeir tilfallandi stöfum á sinni starfsstöð. Auk þess kemur inn afleysingarmannskapur til að manna dráttarbátinn þegar á þarf að halda.

Hafnir landsins starfa samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003 og reglugerð um hafnamál nr. 326/2004 en enn fremur er sérstök hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar sem verður endurútfærð haustið 2018 vegna breytinga sem tengjast sameiningu hafna Fjarðabyggðar og Breiðdalsvíkurhafnar.

Hlutverk og megin viðfangsefni

Hlutverk Fjarðabyggðarhafna er að þjónusta fyrirtæki með hafntengda starfsemi gegn gjaldi og í samræmi við gildandi hafnalög. Fjarðabyggðarhafnir sjá um að þjónusta öll skip sem koma að höfnum Fjarðabyggðar. Samskipti við þau eða umboðsaðila þeirra, framkvæmd hafnsögu, aðstoð með dráttarbát, vigtun sjávarfangs o.fl. Enn fremur eftirlit með siglingarvernd á hafnarsvæðunum og samskipti við fyrirtæki og stofnanir samanber Fiskistofu og Vegagerðina - siglingarvið.

Með tilkomu Mjóeyrarhafnar og starfsemi Alcoa Fjarðaáls hefur vægi vöruflutninga aukist mikið en megináherslan var áður sjávarútvegur. Með uppbyggingu Mjóeyrarhafnar og flutningi skipafélagana Samskips, Eimskips og Cargow þangað, er mjög stór hluti af umsvifum hafnarinnar og tekjum tengt þeirri höfn. Þrátt fyrir að fleiri og styrkari stoðir séu undir rekstri hafnarsjóðs verður ekki dregið úr góðri þjónustu við alla viðskiptavini og notendur hafnanna í Fjarðabyggð.

Markmið/leiðarljós

Markmið Fjarðabyggðarhafna er að veita framúrskarandi þjónustu til sinna viðskiptavina. Vera eitt stærsta og öflugasta hafnarsvæði á landinu þar sem landaður sjávarafli verði áfram sá mesti á landsvísu og að miðstöð vöruflutninga um austur- og norðurland verði í gegnum Mjóeyrarhöfn.

Breytingar á forsendum/umhverfi

Í samantekt fjármálasviðs á forsendum fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2019 er horft til spár Hagstofu Íslands um verðlagsþróun. En þar er gert ráð fyrir hækkun rekstarkostnaðar um 2,9 % á árinu og launaliðir hækki að meðaltali um 4,9%

Ekki er um að ræða stórvægilegar breytingar á rekstri hafnarsjóðs árið 2019 frá árinu 2018 og í raun er unnið út frá sömu áætlun með einstaka lagfæringum. Að frátöldu því að rekstur Breiðdalsvíkurhafnar er nú hluti af rekstri Fjarðabyggðahafna er helsta breyting frá áætlun fyrra árs er annars vegar vegna launabreytinga og hins vegar vegna endurskoðunar einstakra kostnaðarþátta.

Reikna má með breytingum vegna nýrra kjarasamninga og breytinga á launaliðum vegna þess.

Má í því sambandi nefna:

- Breytingar eru milli ára vegna gildandi kjarasamninga og breytinga á launaliðum vegna þess.
- Gert er ráð fyrir að ráða starfsmann í fullt starf á Stöðvarfjarðarhöfn í stað þess að um hlutastarf sé að ræða.
- Meðal rekstarliða er liður vegna styrkja, styrkir og framlög, þar sem höfnin hefur reglubundið stutt við ákveðin mál eða verkefni og er gerð grein fyrir þeim. Liðurinn er óbreyttur frá síðasta ári en á árinu 2016 hækkaði hann umtalsvert þegar gert var ráð fyrir óvæntum útgjöldum á árinu sem gætu komið til vegna uppbyggingar Sjóminjasafns Austurlands. Þetta hefur ekki fallið til enn sem komið er, en er haldið inni í áætluninni fyrir komandi ár.
- Viðhaldskostnaður hækkar á dráttabátum þar sem hann fer í slipp á árinu 2019, en það er liður sem kemur inn annað hvert ár og var inni 2017.
- Inn í áætlun ársins 2019 er gert ráð fyrir 50% í launum verkstjóra þjónustu og framkvæmdamiðstöðvar. Þessi liður er enn inn í launaáætlun þar sem ekki er afráðið hvernig skipulag verður á samstarfi þjónustumiðstöðvar og hafna.
- Gjaldskrá er hækkuð sem nemur hækkun byggingavísitölu á 12 mánaða tímabili frá október til október, auk þess sem breytingar voru gerðar á nokkrum liðum gjaldskrár í samræmi við ákvarðanir hafnarstjórnar.

Helstu verkefni á árinu 2019

Helstu verkefni á árinu 2019	Verklok	Ábyrgð
Norðfjörður – Breytingar á athafnasvæði og umferð við vigtarhús	Sumar 2019	Framkv.stj. hafna
Norðfjörður – viðgerð á þekju við fiskvinnslustöð SVN	Sumar 2019	Framkv.stj. hafna
Eskifjörður – Stækkun nótabryggju – bryggjukantur og þekja	Vor 2019	Framkv.stj. hafna

Eskifjörður – Áframhald hönnunarvinnu vegna stækkunar hafnarsvæðis	Haust 2019	Framkv.stj. hafna
Stöðvarfjörður – Gerð útboðsgagna og útboð vegna 1. áfanga stækkunar smábátahafnar	Sumar 2019	Framkv.stj. hafna
Breiðdalsvíkurhöfn – Malbikun og frágangur yfirborðs á hafnarsvæði, umhverfi og lýsing hafnarsvæðis	Sumar 2019	Framkv.stj. hafna
Grjótvarnir – áframhald vinnu við grjótvarnir strandlengju Fjarðabyggðar og gerð göngustíga og annars frágangs	Sumar 2019	Framkv.stj. hafna
Óskiptur liður: Tekið var frá fjármagn til að mæta óvæntu sem upp kann að koma á árinu 2019		Framkv.stj. hafna
Unnið verður að gæða- og umhverfismálum	Unnið á árinu	Framkv.stj. hafna
Unnið verður að þróun viðskipta og starfsemi hafnarinnar með starfi atvinnu og þróunarstjóra	Unnið á árinu	Framkv.stj. hafna
Unnið verður áfram að uppbyggingu í tengslum við móttöku skemmtiferðaskipa	Unnið á árinu	Framkv.stj. hafna

Verkefni í vinnslu á árinu, en ekki meðal fjárfestinga

Á árinu 2018 var gerð innri öryggisskoðun á höfnum Fjarðabyggða, sambærileg skoðun verður einnig gerð á árinu 2019 og komi fram frávik í þeirri skoðun verður brugðist við þeim á viðeigandi máta.

Á árinu verður haldið áfram með vinnu vegna samþættingar rekstrar Breiðdalsvíkurhafnar við rekstur Fjarðabyggðahafna.

Skoðun á framtíðarhafnarsvæði við Flateyri við Reyðarfjörð hefur verið í umræðu undanfarin ár. Á árinu verður hafin vinna við skipulagningu og greiningu á mögulegri nýtingu svæðis og unnin stefnumótun fyrir hafnir Fjarðabyggðar.

Árangursmæling

- Árangursmæling kemur fram í því að þau verkefni sem lagt er upp með á árinu 2019 klárast innan þeirra tímamarka sem þeim eru sett.

12. Slökkvilið Fjarðabyggðar

Slökkviliðsstjóri: Guðmundur Helgi Sigfússon

Umfang rekstrar

Rekstur slökkviliðs með slökkvistöðvar á Norðfirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík.

Sjúkraflutningar í Fjarðabyggð með starfsstöðvar á Norðfirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Að auki hefur Slökkviliðið tekið að sér sjúkraflutninga á Djúpavogi og Breiðdalsvík og er með einn sjúkrabil á hvorum stað.

Hjá Slökkviliði Fjarðabyggðar eru skráðir 104 slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn. Þar af eru 15 atvinnumenn í fullu starfi og 89 í hlutastarfi sem slökkviliðsmenn og/eða sjúkraflutningamenn. Hluttur kvemma af heildarliðinu er rúm 11% en hlutfallið er 33% af hlutastarfandi sjúkraflutningamönnum hjá okkur.

Að auki ber slökkviliðið ábyrgð á u.þ.b. 50 manna hlutastarfandi slökkviliði Fjarðaáls og sér um stjórnun þess og þjálfun.

Hlutverk og megin viðfangsefni

Starfsemi slökkviliðs í Fjarðabyggð. Undir starfseminna heyrir viðbragðsþjónusta vegna bruna, eldvarnaeftirlit og forvarnastarfsemi.

Sjúkraflutningaþjónusta í Fjarðabyggð og á Djúpavogi. Neyðarflutningar og almennir flutningar m.a. til og frá stofnunum í Fjarðabyggð, flugvöllum í Neskaupstað og á Egilsstöðum.

Markmið/leiðarljós

Slökkvilið Fjarðabyggðar hefur að leiðarljósi að bæta öryggi og þjónustu við íbúa og vegfarendur, styrkja og efla forvarnir og framkvæma markvisst eldvarnaeftirlit. Stuðla að góðri þjálfun og fræðslu til eigin starfsmanna, fyrirtækja og almennings.

Markmið Slökkviliðs Fjarðabyggðar eru:

- Hafa á að skipa góðu og vel menntuðu starfsfólki sem er í góðu líkamlegu formi
- Hafa til umráða nauðsynlegan búnað og tæki til að geta sinnt hlutverki sínu
- Vinna að forvörnum og fræðslu til að lágmarka hættu á óhöppum og slysum
- Stuðla að aukinni samvinnu slökkviliða á Austurlandi og á landsvísu. Efla samvinnu við björgunarsveitir á miðsvæði Austfjarða.
- Vera forystuafli á vettvangi almannavarna í Fjarðabyggð og öllu Mið Austurlandi

Helstu verkefni á árinu 2019

Slökkvilið Fjarðabyggðar	Verklok	Ábyrgð
Lögð verður áhersla á að nýta uppsett afl slökkviliðsins til þeirra verka sem falla að hlutverki þess. Haldið verður áfram að leita eftir verkefnum sem það getur sinnt.		Slökkviliðsstjóri
Í gildi eru samningar við Alcoa Fjarðaál um brunavarnir í Fjarðabyggð, HSA um sjúkraflutninga í Fjarðabyggð, Breiðdalshreppi og Djúpavogshreppi, Hafnarsjóð Fjarðabyggðar um vöktun Mjóeyrarhafnar utan dagvinnutíma ásamt samningi um viðbragð við		Slökkviliðsstjóri

mengunaróhöppum og umsjón með mengunarvarnarbúnaði fyrir Fjarðabyggðarhafnir.		
Starfsmenn slökkviliðsins sjá um kennslu vegna vinnu í lokuðum rýmum fyrir Alcoa Fjarðaál. Slökkviliðið hefur útbúið námsefni sniðið að starfsmönnum sem vinna við löndun úr fiskiskípum. Nokkur sjávarútvegsfyrirtæki á Austurlandi hafa fengið til sín slíka kennslu og verður haldið áfram á þeirri braut. Þá er í skoðun að bjóða upp á frekari námskeið fyrir sjávarútvegsfyrirtæki sem og brunaæfingar í fiskiskípum. Áfram verður lögð áhersla á að bjóða fyrirtækjum og stofnunum í Fjarðabyggð upp á öryggisþjálfun þar sem farið yfir notkun slökkvitækja, undirstöðuatriði í fyrstu hjálp o.fl.		Slökkviliðsstjóri
Haldið verður áfram að endurnýja ýmsan búnað s.s. reykköfunartæki, slöngur, eldgalla og annan lausan búnað. Slökkviliðið hefur að fullu tekið í notkun sameiginlegan miðlægan gagnagrunn á landsvísu fyrir eldvarnaeftirlit. Á næstlunni tengist grunninum eftirlit með vatnsúða- og brunaviðvörunarkerfum. Spjaldtölvur eru notaðar í eftirliti og er öll virkni kerfisins mun einfaldari en áður. Þá er gert ráð fyrir að taka í notkun skráningarkerfi sem auðveldar utanumhald um tæki og búnað sem reglulega þarf að fylgjast með viðhaldi, ástandi og skoðunum á.		Slökkviliðsstjóri
Gert er ráð fyrir að nýta varðstjóra hlutastarfandi liða meira til að þjálfa og æfa sín lið til að spara launakostnað.		Slökkviliðsstjóri
Læknisskoðanir og þrekpróf eru framkvæmd í samræmi við lög og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar. Á við um bæði atvinnumenn og hlutastarfandi. Árangur starfsmanna í þessum prófum hefur verið góður. Markmið er að allir reykkafarar í slökkviliðinu fari árlega í læknisskoðun og þrekpróf.		Slökkviliðsstjóri
Vegna fjölgunar verkefna, sérstaklega í sjúkraflutningum, þarf að huga að frekari fjölgun á vöktum og/eða fá inn afleysingafólk. Erfitt er að fá til starfa fólk með réttindi til sjúkraflutninga og slökkvistarfa.		Slökkviliðsstjóri
Í maí 2018 var samið við HSA um rekstur sjúkraflutninga í Breiðdalshreppi og Djúpavogshreppi. Á árinu 2019 er stefnt á enn frekari stækkun svæðis þar sem slökkviliðið sinnir sjúkraflutningum.		Slökkviliðsstjóri